

## Nefndarálit

um frv. til l. um Ríkisútvarpið ohf.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

### Meginatriði máls.

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er ekki skapaður sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir til frambúðar og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Líklegt er að samþykkt frumvarpsins leiði til enn ákafari deilna en áður um stöðu Ríkisútvarpsins á fjölmiðlavettvangi og jafnvel til málaferla heima og erlendis. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í sambærilegum tilvikum hefur langoftast leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Stjórnarhættir þeir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu opna leið til áframhaldandi pólitískra ítaka og inngripa. Réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru samkvæmt frumvarpinu í uppnámi. Ekki er sennilegt að nefskatturinn sem ætlunin er að taka upp í stað útvarpsgjaldsins efli samstöðu meðal almennings um málefni Ríkisútvarpsins, einkum ef dagskrárframboð þess dregur áfram dóm af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og hjá markaðsstöðvunum.

### Vinnubrögð.

Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta einhliða lögunum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð þeirra verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir með leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið markvisst frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til samstarfs allra flokka á þingi um endurnýjað Ríkisútvarp og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælt um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði sameiginlegrar grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi.

Minni hluti menntamálanefndar telur málið enn vanreifað og greiddi atkvæði gegn því að það yrði afgreitt frá nefndinni. Fjöldmörg álitamál eru enn óafgreidd. Þar skal í fyrsta lagi nefnt að svo mikið lá á að afgreiða málið að formaður nefndarinnar féllst ekki á að bíða eftir umbeðnum gögnum frá matsnefnd vegna stofnefnahagsreiknings, en þau eru m.a. nauðsynleg til að meta rekstraráætlun sem fyrir liggur og gera sér grein fyrir gildi þjónustusamningsdraga sem frumvarpinu fylgja. Þessi gögn bárust ekki fyrr en mánudaginn 4. desember. Í öðru lagi var hafnað beiðni um að fá álit fjölmiðladeildar Evrópuráðsins á frumvarpinu með tilliti til tilmæla ráðsins um málefni almannaútvarps frá 1994 og 1996. Þetta er í þriðja sinn á þremur þingum sem formaður menntamálanefndar hafnar slíkri beiðni, þótt vafi leiki á um að stjórnskipan RÚV ohf. (áður hf. og þar áður sf.) standist kröfur í tilmælunum um sjálfstæði almannaþjónustu á þessu sviði. Í þriðja lagi er vert að nefna að nefndin fékk ekki tækifæri til að kanna álitamál sem ítrekað hafa komið upp um það hvort rekstur Ríkisútvarpsins í hlutafélagsformi stenst samkeppnislög, jafnvel stjórnarskrá, þar sem ríkisstyrkur er nýttur til

samkeppnisrekstrar, m.a. á auglýsinga- og kostunarmarkaði, en skilgreiningar á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins eru óljósar. Á þetta er bent í ýmsum umsögnum nú og á fyrri þingum, en hér ber að benda sérstaklega á umsögn Samkeppniseftirlitsins þar sem frumvarpið óbreytt er talið valda samkeppnislegri mismunun.

### **Breytingar á frumvarpinu.**

Það stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er í flestum greinum hið sama og menntamálaráðherra lagði fram á síðasta þingi og hinu næstsíðasta. Frumvarpið nú er að einu atriði undanteknu óbreytt frá sköpulagi frumvarpsins í fyrra, að meðtöldum breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar fyrir 3. umræðu, og vísast því í meginráttum til nefndarálita minni hluta menntamálanefndar á síðasta þingi um málið.

Breytingin felst í því að nú hyggjast stjórnarflokkarnir gera Ríkisútvarpið að „opinberu hlutafélagi“ (ohf.) en á fyrra þingi að hlutafélagi (hf.) og á þinginu þar áður að sameignarfélagi (sf.).

Þá hefur meiri hluti menntamálanefndar nú lagt til að ekki verði auglýsingar á vefsetri Ríkisútvarpsins frekar en verið hefur að undanfögnu og vill binda í lög að hlutfall kostunartekna af auglýsingatekjum aukist ekki.

Enn fremur hafa verið birt drög að þjónustusamningi sem menntamálaráðherra hyggst gera við útvarpsstjóra. Einnig hafa verið áætluð útgjöld vegna slíks samnings fyrir næstu tíu ár og samdar tölur um hagræðingu í rekstri á þessum tíma. Er þetta hvort tveggja hluti rekstraráætlunar sem fylgir „Skýrslu matsnefndar vegna stofnefnahagsreiknings“ frá 28. nóvember 2006.

Breytingin úr „hf.“ í „ohf.“ skiptir sáralitlu máli fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins þar sem áður hafði verið fallist á að upplýsingalög giltu um nýja fyrirtækið. Hvað Ríkisútvarpið varðar felst breytingin einkum í því að þingmönnum og blaðamönnum er heimilt að sitja aðalfund þann sem menntamálaráðherra heldur ár hvert með útvarpsstjóra og útvarpsstjórninni, og er hinum fyrrnefndu heimilt að leggja þar fram skriflegar fyrirspurnir. Þetta gildir þó ekki um hluthafafundi.

Breytingartillögur meiri hlutans um auglýsingar og kostun eru nýmæli í sögu Ríkisútvarpsfrumvarpa á þessu kjörtímabili, þótt allt frá upphafi hafi verið rætt mjög um þessa tekjuþætti. Þessum tillögum mun ætlað að koma til móts við þá gagnrýni að Ríkisútvarpið kunnir sem ríkisstyrkt hlutafélag á samkeppnismarkaði að verða skeinuhætt starfsemi markaðsstöðvanna. Til þess eru tillögurnar þó nánast gagnslausar þar sem heildartekjum Ríkisútvarpsins eru ekki sett takmörk á nokkurn veg heldur einungis kveðið á um að kostunartekjur séu ákveðið hlutfall af auglýsingatekjum. Kostun af ákveðnu tagi hefur oft sætt gagnrýni sem tekjuöflunarleið fyrir Ríkisútvarpið, og raunar hjá fleiri miðlum, og vera má að tillögunum sé ætlað að koma í veg fyrir of mikla kostun í Ríkisútvarpinu. Sé svo eru tillögurnar klaufalegar þar sem allar gerðir kostunar eru settar undir sama hatt. Draga verður í efa að hér sé betur af stað farið en heima setið.

Áðurnefnd drög að þjónustusamningi voru kynnt í september á hátíðlegum blaðamannafundi í útvarpshúsinu við Efstaleiti og var það þá sögð forsenda samningsgerðarinnar að Alþingi samþykkti væntanlegt frumvarp ráðherrans. Þetta er misskilningur. Þjónustusamning af þessu tagi er hægt að gera við Ríkisútvarpið í núverandi lagaramma, og meginbreytingar í frumvarpinu, háeffunin og stjórnarkerfið, skipta efnisatriði þjónustusamningsdraganna engu máli. Drögin eru því fyrst og fremst samin til að sýna hvernig útvarpsstjóri og menntamálaráðherra hugsa sér framhaldið næstu árin. Í drögunum er kveðið á um skyldur Ríkisútvarpsins en ekkert getið um framlag menntamálaráðherra og skrifstofu hans. Það sem hæst hefur borið

af innihaldi draganna eru ákvæði þeirra um aukið innlent efni á kjörtíma (kl. 19–23) og meiri kaup efnis af sjálfstæðum framleiðendum. Hvort tveggja telur minni hlutinn jákvæð markmið. Ekki fylgja samningsdrögum skýringar á þessum hugtökum, sem hafa verið nokkuð á reiki undanfarin ár af hálfu Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytis. Ríkisútvarpið hefur hins vegar lagt fram tölur um „kostnað við þjónustusamning“ í samráði við menntamálaráðuneytið. Þar kemur í ljós að „aukið dagskrárefni“ nemur 400 m.kr. árið 2011 þegar hámarki er náð. Útvarpsstjóri útskýrði á fundi nefndarinnar að reiknað væri með um það bil klukkutímaaukningu innlends sjónvarpsefnis á dag innan kjörtímamarkanna, og því merkti talan fyrir „aukið dagskrárefni“ að í grófum dráttum mundi hver klukkutími kosta rúma milljón króna í framleiðslu. Fyrir þá upphæð fæst ekki sérlega metnaðarmikið sýningarefni, ef ekki á meira fé að koma til. Það eykur áhyggjur af þessari stefnumörkun í þjónustusamningsdrögum að samkvæmt töflu um „kostnað við þjónustusamning“ er gert ráð fyrir „hagræðingu“ sem frá árinu 2007–2011 vex úr 15 millj. kr. í 200 millj. kr. á ári. Útvarpsstjóri hafði ekki á takteinum skýringar á þessum lið þegar um hann var spurt á fundinum. – Beinast liggur því við að álykta að kostnaði við að uppfylla afar hófsöm markmið þjónustusamnings um aukið innlent dagskrárefni eigi að mæta með niðurskurði og uppsögnum – eða með því að afla meiri tekna af auglýsingum og kostun. Rekst hér hvað á annars horn, enda virðist tölunum fyrst og fremst ætlað að líta vel út sem forsendur rekstraráætlunar matsnefndarinnar.

Raunar er óljóst hvert gildi þjónustusamningur af þessi tagi hefur fyrir rekstur Ríkisútvarpsins.

### **Réttindi starfsmanna.**

Í öll skiptin sem mál þetta hefur verið til meðferðar á Alþingi hafa stéttarfélög starfsmanna ásamt heildarsamtökunum BSRB og BHM gert alvarlegar athugasemdir við meðhöndlun réttinda starfsmanna. Þær athugasemdir hafa engu breytt nema hvað meiri hluti nefndarinnar tekur nú góða og gilda yfirlýsingu útvarpsstjóra um að þeir starfsmenn sem nú eiga réttindi í A-deild LSR muni halda þeim rétti. Fulltrúar stéttarfélaganna segja hins vegar að slík yfirlýsing sé marklaus nema þau réttindi verði tilgreind í bráðabirgðaákvæði II. Að öðru leyti eru sniðgengin réttindi sem starfsmenn eiga samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, samkvæmt aðilaskiptalögum, nr. 72/2002 og samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997. Er þar átt við inntak ákvæðis til bráðabirgða II, þar sem takmarkaður er réttur starfsmanna til tóku lífeyris úr B-deild LSR. Þá er ekki ljóst af ákvæðinu hver ætlunin er með lífeyrisskuldbindingar sem falla til í framtíðinni, hvort þær muni einungis ná til þeirra sem taka störf hjá hinu nýja félagi, eða hvort þær eiga líka við þegar í hlut eiga starfsmenn sem gengt hafa störfum sem lögð verða niður en nýta sér engu að síður rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild LSR.

Helstu atriði sem nú heyra til réttinda starfsmanna Ríkisútvarpsins en falla niður við breytingarnar eru: andmælaréttur, áminningarskylda, skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn, auglýsingaskylda um laus störf, aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda, uppsagnarfrestur, þagnarskylda, skylda um að hlíta breytingum á störfum og verksviði auk biðlaunaréttar þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996. Þá munu ákvæði stjórnsýslulaga um jafnræðisreglu, andmælarétt, rannsóknarreglu eða meðalhófsreglu ekki gilda um starfsmenn hins nýja félags. Þá er óvissa um ávinnslu réttinda hjá Ríkisútvarpinu ohf. og óvíst hvernig tekst að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður við hinn nýja vinnuveitanda. Biðlaunaréttur, sem heyrir undir eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar, verður skertur þar sem hann verður einungis látinn ná til ársins 2009. Loks má geta þess að réttur til upplýsinga og samráðs, sem starfsmenn Ríkisútvarpsins eiga samkvæmt

lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, hefur ekki verið virtur.

Þetta er allt með mestu ólíkindum í ljósi þess að við fyrirhugaðar breytingar hætta starfsmenn Ríkisútvarpsins að vera starfsmenn ríkisins og verða starfsmenn Ríkisútvarpsins ohf., þrátt fyrir að ríkið eigi það félag og beri alla ábyrgð á rekstri þess.

Þegar Páll Magnússon útvarpsstjóri kom á fund nefndarinnar var hann m.a. spurður út í réttindamálin. Hann staðfesti þann skilning minni hlutans að réttindi samkvæmt núgildandi kjarasamningum falli úr gildi þegar þeir samningar renna út sem verður eftir tvö ár. Hann gat ekki upplýst neitt um þá samninga sem tækju við annað en að þegar þar að kæmi tækju við svokallaðir „frjálsir samningar“. Þeir yrðu einstaklingsbundnir svo að hverjum og einum starfsmanni yrði þá frjálst „að selja kauphækkningar fyrir réttindi“, eins og hann orðaði það. Aðspurður taldi útvarpsstjóri líklegt að launabil ykist með slíkum samningum. Þá taldi hann líklegt að einhverjum hluta áætlaðrar hagræðingar yrði náð með því að fækka starfsmönnum, ekki væri gert ráð fyrir að ráðið yrði í allar þær stöður sem losnuðu þegar breytingarnar gengju í garð, og líklegt væri að u.þ.b. 30 starfsmenn nýti sér biðlaunaréttinn strax.

Af þessu má ljóst vera að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins eru í uppnámi verði frumvarp þetta að lögum. Slíkt er óásættanlegt að mati minni hlutans enda er ósamræmi í því hvernig málefni starfsmanna þeirra ríkisstofnana sem undirgangast breytt rekstrarform eru meðhöndluð. Nærtæk dæmi eru réttindamál flugumferðarstjóra, sem enn hafa ekki verið leidd til lykta. Í umsögn BSRB og BHM er tekin afdráttarlaus afstaða gegn frumvarpinu og sett fram sú krafa að það nái ekki fram að ganga. Þá eru í umsögn Félags fréttamanna gerðar ótal tillögur um breytingar á atriðum sem varða starfsmenn.

### **Tengslin við fjölmiðlafrumvarpið.**

Svo bar við á þessu þingi að auk Ríkisútvarpsfrumvarpsins lagði menntamálaráðherra fram frumvarp um almenna fjölmiðla (58. mál á þskj. 58). Það frumvarp er í megindráttum byggt á tillögum nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka og skilaði skýrslu 7. apríl 2005. Þvert á fyrirheit ráðherra hefur ekki verið reynt í nefndinni að fjalla í samhengi um þessi tvö mál, og það eina sem gert hefur verið í meðferð fjölmiðlafrumvarpsins er að senda það til umsagnar.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lögðu fram þegar áður nefnd fjölmiðlanefnd skilaði af sér. „Við erum þeirrar skoðunar,“ sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf.“ Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „ tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar“. Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því yfir að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins“.

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi sex sinnum (við lok þingstarfa vorið 2005, sumarið 2005 þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umræðu á síðasta þingi með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar, með nýjum breytingartillögum meiri hlutans við 3. umræðu málsins í vor, með smávægilegum lagfæringum í sumar og með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar nú fyrir 2. umræðu) er enn

langt frá því að slík „ásættanleg niðurstaða“ hafi náðst, hvorki milli stjórnarálflokkanna, meðal almennings né við aðrar útvarpsstöðvar.

### Sáttaboð.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umræðu um frumvarpið í fyrra sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem, að höfðu samráði við forustumenn flokkanna tveggja, var sett fram tilboð um verklag til að ná sáttum í málinu. Í því fólst að frumvarpið yrði ekki afgreitt á því þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að lagasetningu yrði lokið fyrir áramót, þau sem nú blasa við. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti frá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf. – Rétt er að taka fram í þessu sambandi að enginn heildstæður samanburður hefur enn verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi lagamma og hlutafélagsforminu eða öðru eignarformi. Horft hefur verið fram hjá því að Ríkisútvarpið er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. – Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umræðu hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Svo fór þó að frumvarpið var ekki afgreitt á vorþinginu.

Í 1. umræðu um það frumvarp sem nú liggur fyrir var svipað sáttaboð ítrekað. Bæði Steingrímur J. Sigfússon og Mördur Árnason lýstu því yfir fyrir hönd flokka sinna að ef ráðherra og stjórnarmeirihlutinn væru til viðræðu um annað eignarform en hlutafélagsformið stæði ekki á flokkunum að taka málið gjörvallt til skoðunar á ný með það fyrir augum að reyna til þrautar sættir um framtíð Ríkisútvarpsins. Hvorki menntamálaráðherra, formaður menntamálanefndar né varaformaður hennar úr Framsóknarflokki virtu þetta sáttaboð svars.

### Frávísunartillaga.

Í ljósi þess sem að framan greinir eiga fulltrúar minni hlutans ekki annars úrkosti en að flytja eftirfarandi tillögu:

Þar sem

- fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að sams konar frumvarp um Ríkisútvarpið og fjölmiðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,
- vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins stenst reglur Evrópuréttar,
- ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
- með ákvæðum um tekjur af auglýsingum og kostun er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsinga- og kostunarmarkaði án þess að ljóst sé um sérstakt hlutverk þess umfram aðrar stöðvar,
- tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólítískum ítökum,

- f. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almennasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
- g. alls óljóst er hvernig háttáð verður um innlent efni í dagskrá Ríkisútvarpsins til frambúðar,
- h. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
- i. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
- j. nefskattur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
- k. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði héraðs og á EES-vettvangi,
- l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi.

leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 6. des. 2006.

Mörður Árnason,  
frsm.

Björgvin G. Sigurðsson.

Einar Már Sigurðarson.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.**Umsögn Samkeppniseftirlitsins.**

(13. nóvember 2006.)

Af hálfu menntamálanefndar Alþingis hefur þess verið farið á leit við Samkeppniseftirlitið að gefin verði umsögn um frumvörp til laga um Ríkisútvarpið ohf., 56. mál, heildarlög og Sinfoníuhljómsveit Íslands, 57. mál, rekstraraðilar. Samkeppniseftirlitið vill í þessu sambandi taka eftirfarandi fram varðandi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.:

Í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á núverandi rekstrarfyrirkomulagi og starfsemi Ríkisútvarpsins (RÚV). Mælt er fyrir um afnám afnotagjalda frá 1. janúar 2009 og að RÚV verði ákvarðað sérstakt gjald á skattskylda einstaklinga og lögaðila. Þá er gert ráð fyrir því að auglýsingatekjur, kostun og tekjur af sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni verði hluti tekjustofna RÚV. Hlutverk og skyldur RÚV eru skilgreindar nánar í frumvarpinu en í gildandi lögum. Gerður er greinarmunur á útvarpsþjónustu RÚV í almannapágu og annarri starfsemi. Loks er mælt fyrir um aðskilnað á fjárreiðum rekstrar sem fellur undir útvarp í almannapágu annars vegar og alls rekstrar sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannapágu hins vegar.

Í athugasemdum við frumvarpið, lið 4, er fjallað um tekjustofna RÚV. Þar segir m.a. að mjög misjafnt sé meðal Evrópuríkja hvaða tekjustofnar séu ætlaðir útvarpsstöðvum sem flokkaðar séu sem opinber þjónustufyrirtæki. Algengasti tekjustofninn sé afnotagjald sem byggir á eign á sjónvarpstæki. Þá tíðkist einnig aðrir tekjustofnar eins og samblanda af afnotagjaldi og auglýsingatekjum. Kemur fram að í frumvarpinu sé lagt til að tekið verði upp sérstakt gjald sem lagt verði á alla skattskylda aðila til rekstrar RÚV.

Varðandi auglýsingar segir að allt frá upphafi hafi verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi og hafi RÚV haft af þeim tekjur. Ef RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði yrði í raun engin samkeppni um auglýsingaframboð í sjónvarpi. Það yrðu nánast tveir aðilar sem eftir yrðu á auglýsingamarkaði í sjónvarpi (miðlar 365 annars vegar og Skjár einn hins vegar). Kemur fram að hver sem þróunin verði sé ekki rétt að hætta nú auglýsingum í sjónvarpi RÚV. Hvað varðar auglýsingar í hljóðvarpi þá eigi

að vissu leyti önnur sjónarmið við. Í hljóðvarpi sé veruleg samkeppni en hún sé hins vegar að mestu bundin við þéttbýli. Segir að ekki sé lagt til að RÚV verði bannað að afla tekna með auglýsingum í hljóðvarpi sökum þess í fyrsta lagi að taka þurfi síka ákvörðun með góðum fyrirvara til þess að markaðurinn geti aðlagð sig breyttum aðstæðum og í annan stað að RÚV hafi svo mikla dreifingu að ótækt sé að svipta viðskiptalífnið og almenning svo öflugum auglýsingamiðli án þess að gerðar séu ráðstafanir til þess að bæta upp þann missi.

Markmið samkeppnislaga er að efla samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laganna. Þessu markmiði skal náð með því að:

- a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
- b. vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
- c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Samkvæmt c. lið 8. gr. samkeppnislaga er eitt af hlutverkum Samkeppniseftirlitsins til að vinna að markmiði samkeppnislaga að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari. Í því skyni bendir Samkeppniseftirlitið stjórnvöldum á leiðir til þess að stuðla að því að starfsemi opinberra fyrirtækja eða fyrirtæki sem starfa í skjóli opinberra verndar raski ekki samkeppni. Er það og í samræmi við 14. gr. samkeppnislaga þar sem kveðið er á um að Samkeppniseftirlitið geti mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá fyrirtæki sem nýtur opinberrar verndar og er að hluta í frjálstri samkeppni. Tilgangurinn með hinum fjárhagslega aðskilnaði er að koma í veg fyrir að samkeppnisrekstur sé niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur verndar. Rétt er einnig að taka fram að samkeppnisyfirvöld hafa að undanfögnu haft til meðferðar ýmis mál sem varða fjölmiðlun með beinum eða óbeinum hætti. Þannig hefur t.d. verið gripið til íhlutunar í samrunamálum á þessu sviði.<sup>1</sup>

Samkvæmt frumvarpinu mun RÚV hafa tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á skattskylda einstaklinga og lögaðila. Þessar tekjur fela í sér ríkisaðstoð í skilningi samkeppnislaga. Tekjunum skal varið til að standa straum af þeirri starfsemi sem felst í skilgreindri útvarpsþjónustu í almannabágu sbr. 3. gr. frumvarpsins. Sú skilgreining sem felst í 3. gr. nær yfir framleiðslu, dreifingu og útsendingu á m.a. hvers kyns fræðslu- og afþreyingarefni auk fréttamiðlunar. Auk þess hvíla nánar tilgreindar skyldur á RÚV samkvæmt skilgreiningu 3. gr. frumvarpsins. Það er ekki hlutverk Samkeppniseftirlitsins að taka afstöðu til þess hvort þetta fyrirkomulag sé í samræmi við reglur EES-samningins um ríkisaðstoð.

Eins og bent hefur verið á hér að framan er gert ráð fyrir því í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. að RÚV verði heimilt að selja auglýsingar til birtingar í útvarpi. Í samkeppnisrétti er lítið svo á að auglýsingar í annars vegar prentmiðlum og hins vegar ljósvakamiðlum tilheyri ekki sama samkeppnismarkaði.<sup>2</sup> Einnig er lagt til grundvallar að auglýsingar í annars vegar sjónvarpi og hins vegar hljóðvarpi tilheyri sitt hvorum markaðnum.<sup>3</sup> Af frumvarpinu leiðir að RÚV mun keppa við einkafyrirtæki í útvarpsrekstri á mörkuðunum fyrir birtingu auglýsinga í hljóðvarpi og sjónvarpi. Einnig mun Ríkisútvarpið keppa við einkafyrirtæki um auglýsingar í formi kostunar.

<sup>1</sup> Sjá t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005 *Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins*, ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005 *Samruni Og fjarskipta hf.*, 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 *Samruni 365 ljósvakamiðla og Saga film hf.*, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2006 *Samruni Saga film hf. og Storm ehf.* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2006 *Samruni Dagsbrúna hf. og Senu hf.*

<sup>2</sup> Sjá t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 2/2005 *Erindi Homo Habilis ehf. vegna meintra misnotkunar Morgunblaðsins á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir fasteignaauglýsingar.*

<sup>3</sup> Sjá t.d. skýrslu Institute of European Media Law (EMR): *Media Market Definitions – Comparative Legal Analysis*, frá október 2003.




Vinsælt dagskrárefni er lykkillinn að velgengi á mörkuðum fyrir sölu á auglýsingum í ljósvakamiðlum. Slíkt efni stuðlar að áhorfi eða hlustun og gerir viðkomandi útvarpsstöð að eftirsóknarverðum miðli fyrir auglýsingar. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að RÚV muni geta nýtt umrædda ríkisaðstoð til framleiðslu eða kaupa á m.a. vinsælu dagskrárefni. Það skapar eða eykur áhorf og hlustun hjá RÚV og styrkir þar með stöðu félagsins á markaði fyrir auglýsingar. Af þessu leiðir óhjákvæmilega að umrædd samkeppnisstarfsemi RÚV á sviði auglýsinga verður niðurgreidd með þeirri ríkisaðstoð sem félagið mun njóta. Einkareknar útvarpsstöðvar hafa hins vegar einungis auglýsingatekjur og/eða áskriftartekjur til þess að afla sér dagskrárefnis. Að mati Samkeppniseftirlitsins raskar þetta fyrirkomulag samkeppni á viðkomandi auglýsingamörkuðum.

Varðandi þátttöku RÚV í auglýsingum á sjónvarpsmarkaði þá er áframhald RÚV á þeim markaði rökstutt með því að hyrfti félagið af markaðnum yrði nánast engin samkeppni um auglýsingaframboð í sjónvarpi. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að rök standa til þess að þátttaka RÚV á auglýsingamarkaði í sjónvarpi hafi haft þau áhrif að ekki starfa fleiri aðilar á markaðnum en raun ber vitni. Auglýsingar eru mikilvæg tekjuöflunarleið fyrir sjónvarpsstöðvar og þá sérstaklega stöðvar eins og Skjá einn sem er að öllu leyti rekinn fyrir tekjur af auglýsingum og kostunarsamningum. Þá eru auglýsingar einnig mikilvægar í rekstri áskriftasjónvarpsstöðvar eins og Stöðvar 2 og Sýnar þar sem auglýsingatekjur nema u.þ.b. 20% af heildartekjum stöðvanna. Má færa fyrir því rök að ef svo stór aðili eins og RÚV færi út af auglýsingamarkaði myndi skapast svigrúm fyrir aðra aðila að fóta sig á markaðnum og nýta sér það tóm sem skapaðist við brotthvarf RÚV. Myndi það efla samkeppni og fjölgja valkostum neytenda. Eiga sömu rök við um auglýsingar í hljóðvarpi. Starfsemi RÚV á auglýsingamarkaði í hljóðvarpi hefur takmarkandi áhrif fyrir núverandi og væntanlega keppinauta félagsins á þeim markaði. Þannig verða keppinautar RÚV af verulegum tekjustofnum með þátttöku félagsins á auglýsingamarkaði.

Til að koma í veg fyrir þá samkeppnislegu mismunun sem af því leiðir að RÚV starfi á markaði fyrir birtingu auglýsinga og markaði fyrir kostun í frjálstri samkeppni við aðra aðila jafnframt því að hafa tekjur af skattfé til að inna af hendi skilgreinda útvarpsþjónustu í almannabágu kemur tvennt til greina að mati Samkeppniseftirlitsins:

- RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og starfsemi þess verði alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum. Er sú leið algeng meðal Evrópuríkja eins og fram kemur í skýringum með frumvarpinu.
- Ef RÚV starfar á auglýsingamarkaði fari sú starfsemi fram á vegum sérstakrar hljóð- og sjónvarpsstöðvar eða -rása sem alfarið verði fjármagnaðar með auglýsingatekjum og kostun þannig að tryggt sé að þessi samkeppnisstarfsemi RÚV verði ekki niðurgreidd með skattfé.

Samkeppniseftirlitið tekur ekki að svo komnu máli afstöðu til þess hvora leiðina sé æskilegra að velja svo koma megi í veg fyrir framangreinda samkeppnislega mismunun, eða hvernig útfæra beri þær.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið  
  
Páll Guðnar Pálsson

## Fylgiskjal II.

### Umsögn Bandalags háskólamanna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. (6. nóvember 2006.)

Á 131. löggjafarþingi lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. og á síðasta löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um Ríkisútvarpið hf. BHM og BSRB gerðu athugasemdir við frumvörpin þar sem afstöðu samtakanna til þeirra var lýst og skerðingu á réttindum starfsmanna Ríkisútvarpsins sérstaklega mótmælt. Hvorug frumvarpanna hlutu afgreiðslu en nú er lagt fram þriðja frumvarpið sem nefnist Ríkisútvarpið ohf. Er það frumvarp sams konar að efni til og þau tvö fyrstu en samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Þrátt fyrir ábendingar samtakanna um að tryggja þurfi réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins, verði frumvarpið að lögum, hefur það ekki verið gert.

Umsögn þessi skiptist í tvennt. Í fyrri hluta hennar verða sett fram helstu atriði sem breytast við rekstrarformsbreytinguna. Í seinni hluta er lögð fram breytingartillaga við II. kafla ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu. Jafnframt vísa samtökin til fyrri umsagna sinna um framangreind frumvörp.

#### I.

Verði frumvarp þetta að lögum hætta starfsmenn RÚV að vera starfsmenn ríkisins og verða þess í stað starfsmenn RUV ohf þrátt fyrir að ríkið beri áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Hér eru sett helstu atriði sem falla niður en ekki er um að ræða tæmandi talningu.

1. *Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, munu ekki gilda lengur um réttindi og skyldur starfsmanna RUV ohf. Helstu atriðin sem falla niður eru:*

- Andmælaréttur.
- Áminningarskylda.
- Skriflegur rökstuðningur fyrir uppsögn.
- Auglýsingaskylda á lausum störfum.
- Aðgangur almennings að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjanda.
- Uppsagnarfræstur
- Þagnarskylda.

- Skylda að hlíta breytingum á störfum og verksviði. (óbreytt launakjör og réttindi ef breytingar hafa í för með sér skert launakjör starfsmans í jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er.)
- Biðlaunaréttur þeirra sem ráðnir eru fyrir 1. júlí 1996. (sbr. lið 5).

*2. Starfsmenn RÚV ohf munu ekki heyra undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.*

- Stéttarfélögin sem munu semja um kaup og kjör starfsmanna heyra undir lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. lög nr. 80/1938
- lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla munu gilda nema um annað sé samið.
- Ólíkar reglur um verkföll starfsmanna.

*3. Réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi.*

Núgildandi kjarasamningur mun gilda þar til nýr verður gerður eða kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur RÚV samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til RÚV ohf. Vafaatriði er um ávinnslu réttinda hjá RÚV ohf og óvíst er hvornig tekst til að semja um sambærileg réttindi þegar nýr kjarasamningur verður gerður við RÚV ohf.

*4. Stjórnarsýslulögin munu ekki gilda um RÚV ohf.*

Jafnræðisreglan, andmælaréttur, rannsóknarregla, meðalhófsregla o.s.frv. gilda ekki lengur um starfsemi RÚV ohf.

*5. Biðlaunaréttur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.:*

Biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins til 31. desember 2009. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir 31. desember 2009 munu ekki njóta þeirra réttinda skv. frumvarpinu. Með þessu er verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna RÚV sem njóta biðlaunaréttar sem þeir hafa áunnið sér í starfi og er það andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Réttindi starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur sem hafna starfi hjá RÚV ohf. eru ekki tryggð í frumvarpinu. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV ohf. Mikilvægt er að hafa í huga að ráðningarvernd verður engin hjá RÚV ohf. og hægt verður að segja starfsmönnum upp án andmæla, rökstuðnings eða áminningar. Þrátt fyrir að biðlaunaréttur fylgi til 31. desember 2009 þá verður hægt að segja starfsmönnum upp þó ekki sé verið að leggja starf niður.

*6. Lífeyrisréttur starfsmanna í B-deild skv. frumvarpinu:*

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldgreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frýsting á launinum.

Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV ohf því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs. Sett er sérákvæði um takmörkun á rétti starfsmanna til töku lífeyris úr B-deild LSR samhliða starfi. Er það sérákvæði ekki í samræmi við það sem almennt gildir í dag og má nefna að fjölmargir sjóðfélagar í B-deild LSR eiga rétt á töku lífeyris úr B-deild samhliða starfi.

*7. Lífeyrisréttur starfsmanna í A-deild skv. frumvarpinu:*

Í frumvarpinu er ekki vikið að réttindum starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Einungis kveðið á um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR verða því háðir samþykki RÚV ohf og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem aðildinni fylgja.

Að mati samtakanna er eina leiðin til að tryggja óbreytt réttindi starfsmanna að rekstrarformsbreytingin nái ekki fram að ganga. og leggja því til að frumvarpið verði ekki að lögum. Fari hins vegar svo að frumvarpið verði samþykkt telja samtökin mjög brýna nauðsyn bera til þess að á því verði gerðar breytingar til að tryggja með skýrum hætti réttarstöðu starfsmanna við gildistöku laganna. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir skapast mikil óvissa um réttarstöðu starfsmanna RÚV við gildistöku laganna.

Í lögum nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum er í 6.gr. kveðið á um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs. Ákvæðum þessarar greinar hefur ekki verið framfylgt og má þá sérstaklega nefna c. lið 1. málsgreinar.

## II.

*Tillaga BHM og BSRB um nýtt bráðabirgðaákvæði:*

RÚV ohf. tekur við gildistöku laganna yfir skyldur vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að öllu leyti og þannig halda þeir óbreyttum réttindum samkvæmt lögum, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Starfskjör, réttindi og ávinnsla réttinda halda áfram hjá hlutafélaginu eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda sé að ræða.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem njóta biðlaunaréttar samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, missa ekki rétt til biðlauna við gildistöku laga þessara þó svo að þeir afþakki boð um um starf hjá RÚV ohf. Eftir gildistöku laga þessara skal starfsmönnum sem rétt eiga til biðlauna veittur umþóttunartími í 3 mánuði til að taka afstöðu til þess hvort þeir taki boði um starf hjá RÚV ohf. eða neyti biðlaunaréttar síns, og miðast biðlaunaréttur þeirra þá við lok þriggja mánaða tímabilsins ef viðkomandi kys að halda ekki áfram störfum.<sup>1</sup>

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði sem og allir starfsmenn sem ráðnir verða til RÚV ohf.

<sup>1</sup> Fordæmi er fyrir þessu þegar Fríhöfnin var lögð niður og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf var stofnuð.

Starfsmenn RÚV ohf eiga rétt á því að vera félagsmenn í þeim stéttarfélögum sem lögum samkvæmt eiga rétt á því að gera kjarasamning við RÚV ohf enda hafi hlutaðeigandi stéttarfélag gert kjarasamning fyrir þá við Ríkisútvarpið eða fjármálaráðherra fyrir þess hönd.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993 gilda um starfsemi Ríkisútvarpsins ohf.

Að öllu framangreindu virtu svo og með tilvísan til fyrri umsagna er það eindregin afstaða BSRB og BHM að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

F.h. BSRB

*Erna Guðmundsdóttir*

F.h. BHM

*Halldóra Friðbjörg*

**Efni: Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.**

Tillögur menntamálaráðherra um rekstrarformsbreytingu RÚV yfir í hlutafélag hefur í för með sér grundvallarbreytingar á réttindum starfsmanna og ýmis réttindi munu jafnframt glatast verði frumvarpið samþykkt. Samtökin hafa lagt höfuðáherslu á það í umsögn frá 16. febrúar 2006 að réttindi starfsmanna verði tryggð í frumvarpinu. Að mati samtakanna er eina leiðin til að tryggja óbreytt réttindi starfsmanna að frumvarpið verði ekki að lögum og þess vegna gera samtökin það að sinni megin tillögu að horfið verði frá lögfestingu þess. Fari hins vegar svo að menntamálanefnd afgreiði frumvarpið frá sér til 3. umræðu telja samtökin mjög brýna nauðsyn bera til þess að á því verði gerðar breytingar til að tryggja með skýrum hætti réttarstöðu starfsmanna við gildistöku laganna. Eins og frumvarpið liggur nú fyrir skapast mikil réttaróvissa um réttarstöðu starfsmanna RÚV við gildistöku laganna.

Eftirfarandi eru breytingatillögur samtakanna við frumvarpið:

**Tillaga um bráðabirgðaákvæði:**

RÚV hf. tekur við gildistöku laganna yfir skyldur vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að öllu leyti og þannig halda þeir óbreyttum réttindum samkvæmt lögum, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Starfskjör, réttindi og ávinnsla réttinda halda áfram hjá hlutafélaginu eins og um samfellda ráðningu hjá sama vinnuveitanda sé að ræða.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem njóta biðlaunaréttar samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, missa ekki rétt til biðlauna við gildistöku laga þessara þó svo að þeir afþakki boð um starf hjá RÚV hf. Eftir gildistöku laga þessara skal starfsmönnum sem rétt eiga til biðlauna veittur umbóttunartími í 3 mánuði til að taka afstöðu til þess hvort þeir taki boði um starf hjá RÚV hf. eða neyti biðlaunaréttar síns, og miðast biðlaunaréttur þeirra þá við lok þriggja mánaða tímabilsins ef viðkomandi kys að halda ekki áfram störfum.


Starfsmenn Ríkisútvarpsins sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eiga rétt til áframhaldandi aðildar að þeim sjóði sem og allir starfsmenn sem ráðnir verða til RÚV hf.

Starfsmenn RÚV hf eiga rétt á því að vera félagsmenn í þeim stéttarfélagum sem lögum samkvæmt eiga rétt á því að gera kjarasamning við RÚV hf enda hafi hlutaðeigandi stéttarfélag gert kjarasamning fyrir þá við Ríkisútvarpið eða fjármálaráðherra fyrir þess hönd.

F.h. BSRB

  
Svanhildur Halldórsdóttir

F.h. BHM

  
Halldóra Friðjónsdóttir, formaður

Reykjavík, 16. febrúar 2006

**Efni: Umsögn BSRB og BHM um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál.**

Ofangreint frumvarp hefur borist samtökunum til umsagnar og gera þau eftirfarandi athugasemdir.

*1. Athugasemdir varðandi stofnun hlutafélags um Ríkisútvarpið.*

Með frumvarpinu er lagt til að Ríkisútvarpið (RÚV) verði gert að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu íslenska ríkisins. BSRB og BHM þykir með ólíkindum sú aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Í landinu eru lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem ætlað er að gilda við aðstæður sem þessar. Það er auðvitað óþolandi að það sé gert aftur og aftur, við þessi skilyrði, að setja sérstök lög sem taka almennu lögum um ríkisstarfsmenn úr sambandi þegar á þau reynir. Ef það er mat þingmanna að réttindi ríkisstarfsmanna séu þannig að þeim þurfi að breyta á auðvitað að gera það með því að breyta almennu lögunum þannig að þessi „ómögulega“ staða komi ekki upp aftur og aftur. Þá þurfa ríkisstarfsmenn heldur ekki að vera með væntingar um starfsöryggi sem ekki stenst þegar á reynir. Óréttlætið birtist líka í því að þetta gerist oft en ekki allaf. Svo virðist vera að þegar breytingarnar snerta litlar stofnanir með fáa starfsmenn þá séu almennu lögum láttin gilda en þegar sambærilegar breytingar ná til stærri stofnana eru almennu lögum tekin úr sambandi. Þetta er afleit lagaframkvæmd sem ber merki um hentistefnu og óhreinskilni.

Samtökin spyrja því, hver sé tilgangurinn með því að stofna hlutafélag um Ríkisútvarpið? Er það gert til þess eins að breyta réttarstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins og að RÚV hf þurfi ekki að fylgja þeim lágmarkskröfum gagnvart starfsmönnum sínum sem gerðar eru til opinberra stofnana innan stjórnsýslunnar. Bent hefur verið á að þessi breyting minni um margt



á kennitöluskripti í atvinnurekstri, þar sem vinnuveitendur eru að reyna að komast hjá því að standa við samninga sína við starfsmenn. Hlutfélagsformið á að mati samtakanna fyrst og fremst við þegar um er að ræða samkeppnisstarfsemi með *arðsemissjónarmið* að leiðarljósi en markmiðið með rekstri RÚV hefur verið og á að vera að veita þjónustu, sinna menningarskyldum og öryggishlutverki en ekki skapa eigendum sínum arð.

## 2. Athugasemdir varðandi breytingu á réttarstöðu starfsmanna.

### a) Réttindi samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi:

Stofnunin RÚV verður lögð niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Kemur þetta fram í II. kafla ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpinu.

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu starfsmanna RÚV þegar stofnunin verður lögð niður og hlutfélagið tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá RÚV, án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfsemi. Áfram á RÚV hf að lúta stjórn ríkisvaldsins og það ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfsemi. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn RÚV hf verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Af hverju leita stjórnvöld ekki annarra leiða sem tryggi þann sveigjanleika sem stjórnendur telja sig þurfa að sækjast eftir? Með frumvarpinu er verið að færa RÚV hf undan ákvæðum stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, reglum um auglýsingu á lausum störfum o.s.frv. Eins og að ofan greinir mun þetta m.a. hafa þau áhrif að RÚV hf. mun ekki þurfa að fylgja lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar né þarf það að fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Skýtur það skökku við að Ríkisútvarp sem hefur það meginhlutverk að reka hvers konar útvarpsþjónustu í almannathágu eins og lýst er í 3. gr. frumvarpsins, þurfi ekki að lúta

stjórnsýslu- og upplýsingalögum eins og aðrar stofnanir sem sinna almannþjónustu. Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (opinber hlutafélög), er að mati BSRB og BHM ekki nægjanlegt þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð.

Samkvæmt aðilaskiptalögnum nr. 72/2002 á RÚV hf að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn RÚV hf að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í aðilaskiptalögnum nr. 72/2002 segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

**„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði.**

*Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa.*

*Framsalshafur skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.*

*Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlífendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum í þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.*

*Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.*

Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögnum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Áunnin réttindi s.s. orlofsréttindi eða veikindaréttur, flytjast jafnframt með yfir til nýs atvinnurekanda. Þetta þýðir að þó nýr aðili taki við þá eiga laun og önnur starfskjör starfsmanna ekki af þeirri ástæðu einni að taka breytingum. Í ráðningarsamningi Ríkisútvarpsins við starfsmenn sína er sérstaklega tekið fram að um réttindi og skyldur starfsmanns fari eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt er tilgreint í ráðningarsamningi í hvaða deild LSR starfsmaður greiði. Er það því álit BSRB og BHM að þessi réttindi eigi að fylgja starfsmönnum til RÚV

hf. eins og skýrt er samkvæmt aðilaskiptalögunum. Hins vegar virðist sem frumvarpshöfundar séu ekki að fylgja aðilaskiptalögunum að öllu leyti.

**b) Biðlaunaréttur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II.:**

Í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu segir að um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2008. Í athugasemdum frumvarpsins um ákvæði til bráðabirgða II er nánar skýrt hvað átt er við með þessu. Segir þar að meginreglan sé sú að réttur til biðlauna flyst ekki til hlutafélagsins. Hins vegar sé gerð sú undanþága frá meginreglunni að biðlaunarétturinn flyst til hlutafélagsins til 31. desember 2008. Þessi tilhögun er rökstudd með því að miklar skipulagsbreytingar séu framundan hjá RÚV hf sem flestar verði komnar fram fyrir árslok 2008. Þeir sem eiga biðlaunarétt og missa starf sitt vegna niðurlagningar stöðu eftir 31. desember 2008 munu ekki njóta þeirra réttinda skv. frumvarpinu.

Ef það er mat löggjafans að verið sé að bjóða sambærilegt starf hjá RÚV hf og hjá RÚV eiga öll réttindi að fylgja við ráðningu, þ.m.t. biðlaunaréttindi, sbr. aðilaskiptalögin.

Með því að fella niður biðlaunarétt eftir 31. desember 2008 er að mati BSRB og BHM verið að skerða réttindi þeirra starfsmanna RÚV sem njóta biðlaunaréttar. Með þessari löggjöf er verið að koma í veg fyrir að ríkisstarfsmenn fái notið réttinda sem þeir hafa áunnið sér í starfi og er það andstætt eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar.

Í frumvarpinu eru ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá RÚV hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá RÚV hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. BSRB og BHM leggja áherslu á að sama þurfi að tryggja fyrir starfsmenn RÚV sem ákveða að taka ekki starfi hjá RÚV hf.

**c) Lífeyrisréttur starfsmanna í B-deild skv. frumvarpinu:**

Í frumvarpinu segir að starfsmaður RÚV sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest í hálfri starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrir en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frysting á laununum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá RÚV hf því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

BSRB og BHM benda á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Póstsins og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er stór hópur ríkisstarfsmanna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli.

**d) Lífeyrisréttur starfsmanna í A-deild skv. frumvarpinu:**

Í frumvarpinu er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Í fyrra frumvarpinu um RÚV sf var eftirfarandi ákvæði:

*„ Í 6. mgr. ákvæðisins er gert ráð fyrir því að þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins haldi þeim réttindum.“*

Hver er réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag og nýrra starfsmanna samkvæmt frumvarpi um RÚV hf ?

Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR ? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið

tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki RÚV hf og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Er því nauðsynlegt að mati BSRB og BHM að gengið sé tryggilega frá því að allir starfsmenn RÚV hf eigi rétt á því að vera í LSR, og að það nái einnig til nýðráðinna.

BSRB og BHM vísa í því sambandi á 3. gr. í aðilaskiptalögunum sem fjallað er um hér að framan, þ.e. að aðilaskipti geti aldrei leitt til skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða.

### **3. Athugasemdir varðandi gjaldskyldu.**

Lagt er til í frumvarpinu að hlutafélagið hafi frá 1. janúar 2008 tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu tekjuskatts. Afnotagjöld falla niður frá sama tíma. Þetta sérstaka gjald verður lagt á einstaklinga og lögaðila og er lagt til í frumvarpinu að það verði 13.500 krónur af hverjum gjaldanda. Samtökin lýsa áhyggjum sínum af því að þetta gæti leitt til hækkunar fyrir heimili með unglinga eldri en 16 ára. Ekki er nógu skýrt kveðið á um það í frumvarpinu að gjaldið nái ekki til námsmanna 16 ára og eldri þar sem segir: „Væntanlega næði gjaldið ekki til námsmanna sem væru 16 ára og eldri þar sem almennt má gera ráð fyrir að þeir falli undir þau tekjumörk sem ákvæðið tekur mið af, sbr. lög nr. 235/1999, um málefni aldraðra“. Hafa skal það í huga að íslenskir framhaldsskólanemar stunda gjarnan launavinnu samhliða skólagöngu sinni og hafa því margir hverjir nokkrar tekjur.

### **4. Öryggisþáttur RÚV.**

Eitt af meginhlutverkum RÚV er að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu eins og segir í 11. tl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Verið er að veikja öryggishlutverk RÚV með því að hlutafélagið heyri ekki undir lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjórnarsýslulög né önnur lög er tryggja sanngjarna og óhlutdræga meðferð mála.

### **5. Samningsréttur.**

BSRB og BHM leggja mikla áherslu á að tryggt verði að RÚV hf virði rétt stéttarféлага starfsmanna innan RÚV sem gera kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna, til að semja áfram

við RÚV hf. fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðna. Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofanana sl. ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirra stofnana haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan RÚV, þ.e. að ekkert sé því til fyrirstöðu að þau haldi áfram að semja við RÚV hf um laun og önnur starfskjör félagsmanna sinna.

#### 6. Starfsmannaráð.

Ástæða er til að vekja athygli á þeim miklu völdum yfir mannahaldi og dagskrárgerð sem, samkvæmt frumvarpinu eru færð í hendur útvarpsstjóra, sem ráðinn er af útvarpsráði sem endurspeglar stjórnarmeirihluta á Alþingi hverju sinni. Hér ber að hafa í huga að jafnhliða er dregið úr starfsöryggi starfsmanna Ríkisútvarpsins eins og fram kemur annars staðar í þessari greinargerð. Í kjarasamningum BSRB og BHMR og ríkisins árið 1980 (sbr. 5.gr samkomulags BSRB og ríkisins frá 20. ágúst 1980 um málefni opinberra starfsmanna og 5. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980) var samið um að auka starfsmannalýðræði og voru í kjölfarið settar reglur um starfsmannaráð í ríkisstofnunum. Á grundvelli samninganna frá 1980 fengu Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins og Starfsmannafélag Sjónvarps fulltrúa (hvort félag fyrir sig) í Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Það er skýlaust brot á þessu samkomulagi að rifta því einhliða eins og gert er með frumvarpinu.

Að öllu framangreindu virtu er það eindregin afstaða BSRB og BHM að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

F.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir

F.h. BHM

*Halldóra Friðjónsdóttir*  
Halldóra Friðjónsdóttir, formaður BHM

Fylgiskjal III.**Umsögn Félags fréttamanna.**  
(6. nóvember 2006.)**Til áréttingar.**

Umsögn Félags fréttamanna er viðbót við sameiginlega umsögn BHM og BSRB sem Félag fréttamanna stendur að eins og önnur félög innan þeirra sambanda.

FF vísar því sérstaklega til umsagnar BHM og BSRB um öll réttinda- og almenn mál fréttamanna. Saman eru eiga þessar tvær umsagnir að ná yfir þau atriði sem Félag fréttamanna leggur áherslu á að verði höfð í heiðri við setningu nýrra laga um Ríkisútvarpið.

F. h. FF.



Björg Eva Erlendsdóttir.

Reykjavík, 6. nóvember 2006.

**Efni: Umsögn Félags fréttamanna um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.**

Vísað er til bréfs nefndarinnar til félagsins, dags. 20. október sl., þar sem félaginu var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við frumvarp það sem nú er til meðferðar á Alþingi um Ríkisútvarpið ohf. (56. mál, þskj. 56). Í umsögn þessari verður farið yfir þau atriði sem Félag fréttamanna telur miklu skipta að tekið verði á í frumvarpinu. Umsögninni verður skipt í tvennt. Fyrst verður fjallað um þau atriði er varða réttindi félagsmanna við þær breytingar sem gerðar verða á rekstrarformi Ríkútvarpsins við samþykkt frumvarpsins. Að því búnu verður fjallað um þau faglegu atriði sem félagið vill koma á framfæri við nefndina og horfa verður til við þær breytingar sem framundan eru. Félagið fer þess á leit við nefndina að horft verði alvarlega til þeirra atriða sem hér verða nefnd við meðferð frumvarpsins á Alþingi og að þeim sjáist staður í breytingatillögum þeim sem nefndin kann að gera við frumvarpið milli fyrstu og annarrar umræðu um það á Alþingi.

*Réttindaleg atriði:*

- Félag fréttamanna leggur áherslu á að tilvist félagsins verði viðurkennd sem bæði **fagfélag fréttamanna og stéttarfélag** sem fer með umboð til að ganga til kjarasamninga fyrir hönd fréttamanna, hvort sem um slík samskipti við Ríkisútvarpið ohf. fer eftir lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.
- Félagið leggur megináherslu á að **öllum** þau **réttindi** sem félagsmenn þess hafa sem starfsmenn Ríkisútvarpsins samkvæmt núgildandi lögum og kjarasamningum **haldist** óbreytt við breytingu á rekstrarformi stofnunarinnar, þar með talið réttur fréttamanna til tóku tveggja mánaða leyfis, hliðstætt samningum blaða- og fréttamanna á almenna markaðinum.
- Félagið vekur athygli á því að í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II við frumvarpið segir að „Ríkisútvarpið ohf. [skuli] bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins“. Ekki er þar kveðið á um að starfsmönnum skuli boðin sömu eða sambærileg störf og þeir gegndu hjá Ríkisútvarpinu sem ríkisstofnun. Félag fréttamanna krefst þess að búið verði svo um hnúta í lagatextanum að kveðið verði á um að fréttamönnum og öðrum starfsmönnum Ríkisútvarpsins skuli boðin sömu störf hjá Ríkisútvarpinu ohf. og þeir gegndu hjá Ríkisútvarpinu sem stofnun.
- Félagið leggur mikla áherslu á að kveðið verði á um í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að **lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 gildi áfram** um starfsmenn Ríkisútvarpsins eftir rekstrarformsbreytingu yfir í opinbert hlutafélag, en það munu þau ekki gera að óbreyttu frumvarpi. Hér hefur félagið m.a. í huga þau eðlilegu réttindi sem lög nr. 70/1996 kveða á um að starfsmenn hafi, svo sem um skyldu til áminningar í vissum tilvikum, sbr.



21. gr. laganna, og að starfsmanni sé gefið færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp. Þá getur starfsmaður samkvæmt starfsmannalögunum krafist þess að uppsögn hans verði rökstudd skriflega, sbr. 2. mgr. 44. gr. laganna. Er það til þess fallið að styrkja réttarstöðu starfsmanna en slíkar reglur gilda almennt ekki á almennum vinnumarkaði, a.m.k. ekki í jafnríkum mæli. Þá hafa starfsmannalög og reglugerð sett samkvæmt þeim nr. 464/1996, einnig að geyma skyldu til að auglýsa laus störf. Slíkt fyrirkomulag hefur áhrif í þá veru að hæfileikarækt fólk utan stofnunarinnar eða innan sækir um þau störf sem losna og styrkir þannig Ríkisútvarpið. Mannaráðningar verða einnig með slíku fyrirkomulagi gagnsærri en ella gildi ef ekki væri skylda til að auglýsa lausar stöður. Á sama hátt fer félagið fram á að gagnsæi sé í launaákvörðunum. Félag fréttamanna er andvígt launaleynd.

- Félag fréttamanna krefst þess jafnframt að kveðið verði á um það í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að **stjórnsýslulög nr. 37/1993 muni áfram gilda** um starfsemi Ríkisútvarpsins eftir breytingu á rekstrarfyrirkomulagi. Þær réttarreglur valda því að ákvarðanatöku í einstökum málum er varða réttindi og skyldur starfsmanna verður að byggjast á málefnalegum forsendum og röksemdum auk þess sem hafa verður í heiðri jafnræðisreglu og ýmsar formreglur sem til þess eru fallnar að tryggja starfsmönnum ákveðna réttarvernd. Slíkar reglur munu ekki gilda um Ríkisútvarpið ohf. nema skýrt sé kveðið á um það í frumvarpinu að þær gildi.
- Auk þess sem að ofan greinir um lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa þau lög einnig þýðingu um þann **biðlaunarétt** sem þeir fréttamenn eiga sem hófu störf fyrir 1. júlí 1996 á grundvelli eldri starfsmannalaga nr. 38/1954, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 70/1996. Ákvæði til bráðabirgða II við fyrirliggjandi frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. verður skilið svo að fréttamenn sem svo háttar til um sem að framan greinir geti við rekstrarformsbreytingu valið hvort þeir taki við sambærilegum störfum hjá Ríkisútvarpinu ohf. og þeir hafa gegnt hjá Ríkisútvarpinu en láti ella af störfum og fái þá biðlaun í 6 til 12 mánuði eftir starfsaldri hjá ríkinu. Í frumvarpinu er ennfremur tekið fram að starfsmenn sem hafa biðlaunarétt haldi þeim rétti verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009. Félag fréttamanna sér engin rök mæla gegn því að menn haldi slíkum áunnum rétti eftir 31. desember 2009 og krefst þess að þessu ákvæði laganna verði breytt þannig að þeir menn sem slíkan biðlaunarétt hafa öðlast haldi þeim rétti meðan þeir starfi hjá Ríkisútvarpinu ohf. en missi hann ekki 31. desember 2009 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
- Varðandi **lífeyrisréttindi** krefst Félag fréttamanna þess að búið verði svo um hnúta með ótvíræðum hætti í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að starfsmenn hins nýja hlutafélags, þ. á m. fréttamenn, geti áfram greitt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Í lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er kveðið á um það í 2. mgr. 30. gr. að sé staða eða starf sjóðfélaga í B-deild lagt niður eigi hann rétt á að vera áfram í sjóðnum. Greidd iðgjöld skulu þó miðuð við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á fóstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna. Félag fréttamanna vekur í fyrsta lagi athygli á því að ákvæði þetta á aðeins við um þá sem eru í B-deild LSR en ekki A-deild. Félagar í A-deild geta því hvað sem öðru líður vart reist á því rétt og ekki reisa þeir slíkan rétt heldur með skýrum hætti á öðrum ákvæðum

laganna. Þá er í áður nefndu ákvæði 2. mgr. 30. gr. laganna, sem ítrekað er að varðar aðeins B-deildina, miðað við að „staða eða starf sé lagt niður“, og ekki er því ótvírátt að það eigi við þegar ríkisstofnun er breytt í hlutafélag, sbr. hér einnig meginreglu 1. mgr. 30. gr. laganna. Í þriðja lagi er sá annmarki á þessu ákvæði að iðgjaldagreiðslur samkvæmt því skulu breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á dagvinnulaunum. Þannig er ekkert tillit tekið til sérstakra launa- eða stöðuhækkana. Réttindi kunna því að skerðast í mörgum tilvikum. Í ljósi framangreinds er þess krafist af hálfu Félags fréttamanna að búið verði svo um hnúta með ótvíráðum hætti í lögum um Ríkisútvarpið ohf. að starfsmenn hins nýja hlutafélags, þ. á m. fréttamenn, geti áfram greitt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), bæði A- og B-deild, með þeim hætti og á grundvelli sömu sjónarmiða og þeir hafa gert hingað til.

- Ljóst er að **veikinda- og orlofsréttur** opinberra starfsmanna er samkvæmt kjarasamningum almennt mun meiri en á almennum vinnumarkaði. Þótt lög nr. 72/2002 um aðilaskipti á fyrirtækjum valdi því að menn halda slíkum réttindum óbreyttum út kjarasamningstímabilið er algerlega ótryggt hvernig um þetta atriði kann að fara við næstu kjarasamningagerð eða í einstökum ráðningarsamningum. Félagið krefst þess að tryggt verði í lögum að þessi réttindi haldist óbreytt eftir breytingu á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins í opinbert hlutafélag.


#### *Fagleg atriði:*


- Félag fréttamanna leggur áherslu á að í 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins, verði kveðið með skýrum og ótvíráðum hætti á um að meðal þeirra skyldna sé „að starfrækja almenna, víðtæka, sjálfstæða og hlutlæga fréttabjónustu um innlend og erlend málefni á hljóðvarps- og sjónvarpsformi“, en þessa atriðis sér ekki með skýrum hætti stað í frumvarpinu eins og það er nú. Leggur félagið til að ákvæði þessa efnis verði bætt við frumvarpið.
- Félagið leggur áherslu á að áfram verði starfandi a.m.k. tvær sjálfstæðar fréttaritstjórnir hjá Ríkisútvarpinu, annars vegar Fréttastofa Útvarps og hins vegar Fréttastofa Sjónvarps, og að þess verði getið með skýrum hætti í frumvarpinu. Tvær ritstjórnir eru nauðsynlegar til þess að viðhalda fjölbreytni og samkeppni á fjölmiðlamarkaði sér í lagi í ljósvakamiðlum þar sem eignarhald er ekki fjölbreytt eins og staðan er nú. Þá tryggir það tæknilega að auki mun hnitmiðaðri umfjöllun og fréttabjónustu að önnur ritstjórn sinni útvarpi og hin sjónvarpi.
- Félag fréttamanna telur að kveðið eigi að vera á um það í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. að af þess hálfu verði reknar að lágmarki tvær útvarpsrásir og ein sjónvarpsrás enda séu forsendur fyrir Ríkisútvarpinu sem sterkum fjölmiðli brostnar ef einhver þessara rása yrði skilin frá eða lögð niður.
- Félag fréttamanna leggur áherslu á að aðgengi almennings í landinu að Ríkisútvarpinu sem opinberu hlutafélagi verði tryggt og að hann geti haft áhrif og komið skoðunum sínum á framfæri við Ríkisútvarpið ohf. Kveða verður skýrt á um þetta aðgengi í lögum og sama gildir um upplýsingar um fjölmiðilinn og dagskrárstefnu hans.
- Félag fréttamanna vill að fulltrúi starfsmanna komi að stjórnun fyrirtækisins.

- Félag fréttamanna leggur áherslu á að “eldveggir” verði viðhafðir innan fyrirtækisins til að verja sjálfstæða umfjöllun. Í því sambandi þarf m.a. að huga að eftirfarandi atriðum:
  - Tryggja þarf í frumvarpstextanum fullkomið sjálfstæði fréttaristjórnanna gagnvart útvarpsstjóra og markaðsdeild og annarri þeirri starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. sem á sitt undir auglýsingum og kostendum efnis.
  - Tryggja þarf að við ráðningar og launaákvæðanir fréttamanna sé farið að faglegum sjónarmiðum. Þar á launaleynd ekki við. Forsendur séu öllum ljósar og fréttamenn gangist undir hæfnispróf áður en þeir eru ráðnir. Hér myndu stjórnsýslulög og meginreglur stjórnsýsluréttar, ef þessar reglur yrðu látnar gilda um Ríkisútvarpið ohf., veita ákveðin réttindi að því er þessi atriði varðar.
  - Tryggja þarf Ríkisútvarpinu ohf. örugga tekjustofna.
- Félag fréttamanna vekur athygli á því að starfsvið útvarpsstjóra er ekki skýrt skilgreint í frumvarpinu. Þó virðist viðurkennt að þörf sé á slíkri skilgreiningu. Þannig segir í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins um útvarpsstjóra að í samþykktum félagsins megi nánar skilgreina starfssvið hans. Að mati Félags fréttamanna er réttara að gera það strax í frumvarpstextanum sjálfum. Þá kemur fram í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins að útvarpsstjóri sé æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar á vegum Ríkisútvarpsins ohf.. Ef starfssvið útvarpsstjóra er ekki skilgreint getur það valdið því að sjálfstæði fréttaristjórna sé nákvæmlega jafnmikið eða jafnlítið og útvarpsstjóri ákveður hverju sinni .
- Félag fréttamanna telur afnotagjöld bestu leiðina til að fjármagna Ríkisútvarpið ohf. Engin krafa er af hálfu ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um að leggja afnotagjöldin niður, eins og sjá má af því að önnur ríkisútvörp í Evrópu halda sig við þessa fjármögnunarleið. Í umræðu um almannaútlarp breska ríkisútvarpsins, BBC, hefur niðurstaðan alltaf orðið sú að halda afnotagjöldum áfram. Einnig má nefna norska ríkisútvarpið, NRK, sem verið hefur hlutafélag í meira en áratug, en heldur samt afnotagjöldum. Félag fréttamanna telur afnotagjöldin tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins mun betur en nefskattur, sem gert er ráð fyrir að skattskyldum einstaklingum og lögaðilum verði gert að greiða, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Félagið ítrekar þá kröfu sína að horft verði alvarlega til þeirra atriða sem nefnd hafa verið hér að ofan við meðferð frumvarps til laga um Ríkisútvarpið ohf. á Alþingi og að þeim sjáist staður í breytingatillögum þeim sem nefndin kann að gera við frumvarpið milli fyrstu og annarrar umræðu um það á Alþingi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags fréttamanna,

  
Þjörg Eva Erlendsdóttir, form.

  
Þórdís Arnljótsdóttir, varaform.

Fylgiskjal IV.**Umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.**  
(3. nóvember 2006.)

Háttvirt menntamálanefnd hefur með bréfi, dags. 20. nóvember sl., beðið LSR um umsögn um framangreint mál.

LSR hefur skoðað frumvarpið út frá lífeyrisréttindum starfsmanna auk þeirra lífeyrisskuldbindinga sem til falla á launagreiðendur vegna réttinda sjóðfélaga í B-deild LSR.

**Helstu áhrif gagnvart sjóðfélögum í B-deild LSR**

Í 4. mgr. ákvæðis II. til bráðabirgða í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið ohf. er svohljóðandi ákvæði:

Starfsmaður Ríkisútvarpsins, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálfu starf eða meira, getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Eins og fram kemur í athugasemdum er fylgja frumvarpinu hefur umrætt ákvæði aðeins þann tilgang að takmarka rétt til töku lífeyris úr B-deild LSR hjá þeim starfsmönnum sem ráðast til starfa hjá Ríkisútvarpinu ohf. Að öðru leyti er staða starfsmanna Ríkisútvarpsins ohf. gagnvart lífeyrissjóðsaðild og réttindum með sama hætti og almennt er þegar störf eru lögð niður hjá ríkinu.

Þegar rekstrarformi ríkisstofnana er breytt í hlutafélag hefur það jafnan verið metið sem niðurlagning á starfi gagnvart sjóðfélögum í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Í 2. mgr. 30. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er kveðið á um rétt starfsmanna til áframhaldandi aðildar sé starf þeirra lagt niður en þar segir:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá

þeim tíma skulu iðgjaldgreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu eiga ríkisstarfsmenn persónulegan rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins sé starf þeirra lagt niður. Starfsmenn Ríkisútvarpsins geta því á grundvelli þessa ákvæðis óskað eftir að halda áfram rétti til aðildar að B-deild LSR.

Almenna reglan er sú að sjóðfélagar í B-deild LSR geta ekki hafið töku lífeyris samhliða starfi sem veitir rétt til aðildar að B-deild LSR, sbr. 24. gr. laga nr. 1/1997. Til að hefja töku lífeyris verður sjóðfélagi því að láta af starfi sem veitt hefur rétt til aðildar að sjóðnum. *Fyrirgreint ákvæði í frumvarpinu er ætlað að láta starf hjá Ríkisútvarpinu ohf. hafa sömu áhrif að því er varðar rétt til lífeyristöku og um sé að ræða starf sem uppfyllir aðildarrétt að B-deild LSR.*

Aðild sjóðfélaga að B-deild LSR í framhaldi af niðurlagningu á starfi hefur þau áhrif að öll tengsl við laun eða önnur kjör starfsmannsins í framtíðinni eru óháð réttindum til aðildar á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Réttindin taka mið af starfinu sem lagt var niður og viðmiðunarlaun til greiðslu iðgjalda og lífeyris taka mið af því starfi og breytingum sem verða að meðaltali á launum opinberra starfsmanna.

### Lífeyrisskuldbindingar fyrrum starfsmanna Ríkisútvarpsins

LSR hefur skoðað frumvarpið út frá lífeyrisskuldbindingum sem hvíla á þeim launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína í B-deild sjóðsins, sbr. 33. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

Í 2. mgr. ákvæðis I. til bráðabirgða í frumvarpinu er ákvæði er viðkemur skuldbindingum Ríkisútvarpsins. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til hlutafélagsins.

Samkvæmt ákvæðinu er skýrt að þegar áfallnar lífeyrisskuldbindingar sem eru tilkomnar vegna starfsmanna Ríkisútvarpsins verði framvegis skuldfærðar á Ríkisútvarpið ohf. Þetta er ljóst og út frá því gengið sbr. m.a. fylgiskjal III. með frumvarpinu sem er umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins en þar er vísað til skuldabréfs sem er tilkomið vegna þegar áfallinna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Ríkisútvarpsins sem flyst yfir til Ríkisútvarpsins ohf.

LSR telur æskilegt að í frumvarpinu verði tekið með eins skýrum hætti á framtíðarskuldbindingum sem koma til með að myndast í framtíðinni vegna þeirra starfsmanna Ríkisútvarpsins sem nýta sér rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild LSR í kjölfar niðurlagningar á störfum hjá Ríkisútvarpinu skv. ákvæði í 2. mgr. 30. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. Sé ætlunin að framtíðarlífeyrisskuldbinding falli á Ríkisútvarpið ohf. væri æskilegt að það kæmi fram með skýrari hætti en frumvarpið greinir og þá jafnframt hvort ætlunin sé að hún taki til allra sem nýta sér rétt til áframhaldandi aðildar óháð störfum í framtíðinni eða hvort skuldbindingin verði takmörkuð við þá sem taka störf hjá Ríkisútvarpinu ohf.

Tekið skal fram að LSR tekur ekki afstöðu til þess hvar framtíðar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Ríkisútvarpsins skuli liggja enda snýr það ekki að hagsmunum sjóðsins. LSR vill aðeins vekja athygli á því að æskilegt væri að tekið yrði á lífeyrisskuldbindingum sem til falla í framtíðinni með skýrum hætti.

#### Helstu áhrif gagnvart sjóðfélögum í A-deild LSR

Í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 er ekkert sérákvæði um rétt til áframhaldandi aðildar að A-deild vegna niðurlagningar á starfi. Í 3. gr. laganna er ákvæði sem tekur á aðildinni en skv. lokamálslið 3. mgr. 3. gr. ber að setja nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um aðild að A-deild. Í 15. gr. samþykkta sjóðsins er kveðið á um aðildina að A-deild. Ákvæðið í e-lið 2. mgr. 15. gr. samþykkta LSR varðar helst réttarstöðu þeirra starfsmanna sem eru í A-deild og gegna starfi hjá ríkisstofnun sem færði er í hlutafélagaform. Þar segir:

Heimild til aðildar með samþykki launagreiðanda:


- e. Félagsmönnum aðildarféлага Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarféлага Bandalags háskólamanna eða Kennarasambands Íslands er heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins. Jafnframt er félagsmönnum í stéttarfélögum sem eru utan fyrrgreindra bandalaga en gera kjarasamning á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heimilt að eiga aðild að A-deild sjóðsins.

Samkvæmt ákvæði þessu getur launþegi, sem uppfyllir ofangreint og fær samþykki launagreiðanda, haldið áfram aðild að A-deild LSR.

Að lokum skal áréttað að LSR tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins og er ofangreint aðeins sett fram til skýringar á áhrifum frumvarpsins á réttarstöðu sjóðfélaga í LSR.

Sé óskað frekari skýringa verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllst,

  
Þórey S. Þórðardóttir hdl., forstöðumaður réttindamála

Fylgiskjal V.**Umsögn stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins.**  
(13. nóvember 2006.)**Um frumvarpið:**

Stjórn Starfsmannasamtaka RÚV fagnar því að í frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf skuli enn vera áréttað það hlutverk hins nýja félags að reka útvarp og sjónvarp í almannabágu. Ljóst er að tekið hefur verið tillit til sumt af því sem SSR gerði athugasemdir við í fyrra frumvörpi um breytingar á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins. Þar sem það á ekki við er vísað til umsagnar stjórnar Starfsmannasamtaka RÚV um frumvarp um Ríkisútvarpið hf. Hér skal þó sérstaklega hnykktt á „Ákvæði til bráðabirgða, II. Réttindi starfsmanna.“

SSR telur kaflann um réttindi starfsmanna ófullnægjandi. Ljóst er að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytingu Ríkisútvarpsins í Ríkisútvarpið ohf. Réttindi starfsmanna ríkisins samkvæmt ofanefndum lögum teljast hluti af kjörum þeirra og verða því ekki afnumin án þess að í felist skerðing á kjörum. Nauðsynlegt er því að gera stöðu starfsmanna eftir breytinguna sem líkasta því sem verið hefði ef Ríkisútvarpið hefði áfram verið ríkisstofnun. Þau atriði sem einkum skipta hér máli eru biðlaunaréttur, lífeyrissjóðsréttindi, aðild að stéttarfélögum, uppsagnarréttindi, þ.á.m. réttur til áminningar vegna uppsagnar, veikindaréttur, fæðingarorlofs- og orlofsréttur.

SSR fékk Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmann og lögfræðing Rafiðnaðarsambandsins til að taka saman helstu atriði er varða réttarstöðu starfsmanna við aðildaskiptabreytinguna. (sjá samantekt Láru V. Júlíusdóttur hrl. 23. október 2006 til

starfsmannasamtak RÚV í tilefni af frv. til laga um Ríkisútvarpið ohf.)

Auk þess vísar SSR til umsagnar BHM og BSRB varðandi réttarstöðu starfsmanna.

f.h. stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins

Jóhanna Margrét Einarsdóttir formaður  
Pétur Halldórsson gjaldkeri  
Jórunn Sigurðardóttir ritari  
Jan Murtomaa meðstjórnandi



**Samantekt Láru V. Júlíusdóttur hrl. 23. október 2006 til  
starfsmannasamtaka RÚV  
í tilefni af frv. til laga um Ríkisútvarpið ohf.**

Samantekt þessi er bæði lögfræðiálit vegna framkomins frumvarps, og einnig ráðgjöf til starfsmanna um hvernig bregðast skuli við. Samantektin tekur mið af nýframkomnu frumvarpi til laga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi á haustþingi, en það er að verulegu leyti óbreytt frá frumvarpi því sem lagt var fram á síðasta þingi. Samantektin er aðallega byggð á minnisblaði sem undirrituð tók saman 13. febrúar 2006. Jafnframt er bætt við nokkrum atriðum sem kunna að skipta máli fyrir starfsmenn RÚV, umfjöllun um rétt til biðlauna og fæðingarorlofs.

**Ákvæði frumvarpsins sem snertir réttindi starfsmanna**

Í bráðabirgðaákvæði II. er fjallað um réttindi starfsmanna. Þar segir annars vegar að fara skuli eftir l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og hins vegar að fara skuli að lögum nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Við niðurlagninu stofnunarinnar breytist lagalegt umhverfi starfsmanna RÚV. Þeir hætta að vera opinberir starfsmenn og verða eftir það starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins geta ekki gilt um starfsmennina eftir breytinguna. Lög nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, sem almennt eru kölluð

aðilaskiptalögin, kveða á um að réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi færast yfir á þann aðila sem yfirtekur starfsemina. Rétt er að átta sig á því að réttarstaða starfsmannanna eftir hlutafélagavæðinguna getur aldrei orðið sú sama og hún var þegar ríkisútvarpið var ríkisstofnun. Einungis er hægt að gera réttarstöðuna sem líkasta því sem verið hefði ef RÚV hefði haldið áfram að vera ríkisstofnun. Þau atriði sem einkum skipta hér máli eru biðlaunaréttur, lífeyrissjóðsréttindi, aðild að stéttarfélögum, uppsagnarréttindi, þar á meðal réttur til áminningar vegna uppsagnar, veikindaréttur og orlofsréttur.

Það vekur athygli að í ákvæði til bráðabirgða II., sem ber yfirskriftina *Réttindi starfsmanna* segir einungis í 2. mgr. : *Ríkisútvarpið ohf. skal bjóða störf öllum starfsmönnum Ríkisútvarpsins...* Hér er með öðrum orðum ekki tekið fram að um sömu störf sé að ræða. Þótt aðildarskiptalögin eigi að tryggja mönnum óbreytt kjör við breytinguna, sem væntanlega felur í sér að þeir eigi að gegna sömu störfum og áður, er eðlilegt að starfsmenn geri kröfu til þess að það komi fram að þeir haldi sínum störfum við þessar breytingar. Skýringin á þessu orðalagi er þó sögð vera sú að með þessu gefist starfsfólki, sem ekki hyggst halda áfram störfum hjá ohf., kostur á að fara á biðlaun. Þeim sé ekki tryggt sama starfið áfram, staðan sé lögð niður.

Við yfirllestur frumvarpsins er lítið fjallað um réttindi starfsmannanna. Þar sem réttindaumhverfi þeirra breytist verulega við hlutafélagavæðinguna þarf að greiða úr ýmsum álitamálum. Mikilvægt er að löggjafinn veiti leiðbeiningu, annað hvort í lagatexta eða lögskýringargögnum um hvernig með skuli fara í þeim álitamálum sem upp kunna að koma. Ekki er nægilegt að vísa í lögin um aðilaskipti í því sambandi. Þau veita ekki fullnægjandi svör. Starfsmenn hljóta að eiga rétt á að fá

skýr svör við ýmsum álitaeftum, að fá ótvírætt úr því skorið hver þeirra staða verður í framtíðinni. Hér fer á eftir umfjöllun um einstaka álitaefti.

### **Biðlaunaréttindi**

Opinberir starfsmenn geta átt biðlaunaréttindi skv. lögum. Starfsmenn á almennum markaði eiga ekki slík réttindi. Þegar ríkisstofnun er gerð að hlutafélagi fellur þessi réttur niður.

Rétt er að taka fram að biðlaunarétturinn nær einungis til takmarkaðs hóps starfsmanna RÚV. Þannig eiga RSÍ félagar í starfi hjá RÚV almennt ekki rétt á biðlaunum við niðurlagningu RÚV. Heldur ekki þeir almennir starfsmenn RÚV sem hófu störf eftir 1. júlí 1996. Ástæðan er sú að einungis þeir opinberir starfsmenn, aðrir en embættismenn, sem voru í starfi við gildistöku laga nr. 70/1996 eiga rétt á biðlaunum. Með öðrum orðum var biðlaunaréttur tekinn af öllum opinberum starfsmönnum öðrum en embættismönnum við gildistöku þessara laga. Þeir starfsmenn sem þá voru í starfi og féllu undir eldri lög um opinbera starfsmenn, þ.e. l. 38/1954 héldu þó biðlaunarétti sínum og byggðist það á ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

*Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.*

Lögin nr. 38/1954 náðu ekki til ASÍ félaga, og áttu RSÍ félagar því ekki biðlaunarétt þá. Þótt sú breyting hafi verið gerð með nýjum lögum að fella félagsmenn í ASÍ í störfum hjá ríkinu undir lögin, féllu þeir aldrei undir eldri lögin og öðluðust þess vegna aldrei neinn biðlaunarétt.

Hafi einhverjir starfsmenn sem nú eru RSÍ félagar, áður verið félagar í félögum innan BSRB kunna þeir að eiga biðlaunarétt. Þetta þarf að kanna í hverju tilviki fyrir sig.

Í frv. til laga um Ríkisútvarpið ohf. er sérstaklega tekið á biðlaunarétti. Þar segir í 3. mgr.: *Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Ríkisútvarpinu, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, þó skulu starfsmenn halda biðlaunarétti sínum verði starf þeirra lagt niður fyrir 31. desember 2009.* Þetta er skýrt út í athugasemdum með frv. og segir að starfsmaður sem fer ekki að vinna hjá hlutafélaginu geti átt rétt á biðlaunum á grundvelli l. 70/1996. Í 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er tekið fram að taki maður sem er á biðlaunum við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn þá skuli biðlaun falla niður ef launin í nýja starfinu eru jöfn eða hærri en launin í fyrra starfi. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

Velji starfsmaður sem á rétt á biðlaunum að vinna áfram hjá ohf. heldur hann biðlaunarétti sínum til 31. desember 2009 skv. frumvarpinu. Hér er verið að teygja reglur um opinbera starfsmenn yfir á starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Fyrst löggjafinn er reiðubúinn til þess, þá má spyrja hvers vegna miða skuli við 31.

desember 2009. Hvort ekki megi tryggja starfsmönnum hlutafélagsins biðlaunarétt framvegis með sama hætti og opinberir starfsmenn almennt njóta. Eðlilegt er að starfsmenn setji þetta fram sem þeirra kröfu í málinu.

Í þessu sambandi má nefna að fleiri leiðir hafa verið farnar þegar kemur að biðlaunarétti og var sú leið farin hjá Pósti og síma, þegar Póst- og símamálastofnuninni var breytt í hlutafélag um áramótin 1996-1997 að inn í ráðningarsamninga starfsmanna kom ákvæði um „biðlaunarétt-bótarétt“, sem var ýmist 6-12 mánuðir eftir því hve langan starfsaldur starfsmenn höfðu. Þetta ákvæði hefur valdið miklum ágreiningi milli starfsmanna Símans og Símans og annarra fyrirtækja sem hafa yfirtekið starfsmenn Símans, einkum vegna þess að ekki var tryggt að menn héldu áfram ávinnslu þessara réttinda. Þeir sem áttu stutt í að öðlas rétt til 12 mánaða biðlaunaréttar þegar hlutafélagavæðingin varð, fengu ekki þann rétt síðar, þegar þeir höfðu starfað samtals þann tíma sem áskilinn var. Ávinnslan hélt ekki áfram. Ef þessi leið verður farin er því nauðsynlegt að tryggja mun betur hvað í þessum rétti felst, en gert var á sínum tíma hjá Pósti og síma.

### **Lífeyrisréttindi**

Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er fjallað um lífeyrisréttindi og segir að starfsmaður Ríkisútvarpsins sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 24. gr. l. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálfu starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrir en hann lætur af því starfi. Með þessu ákvæði er reynt að gera réttarstöðu starfsmannsins þá sömu gagnvart LSR eins og hún hefði verið hefði hann haldið áfram að vera opinber starfsmaður, þar

sem í tilvitnaðri 24. gr. 1. um LSR segir að á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi eftir að hann hefur verið frá því leystur eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja eigi hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

Að öðru leyti en að ofan greinir er ekkert fjallað um hvort starfsmenn komi til með að greiða áfram í LSR. Í athugasemdum með ákvæðinu segir að ekki sé þörf á að setja í lög sérákvæði um starfsmannamál þegar ríkisfyrirtæki eru hlutafélagavædd nema hvað varðar takmörkun á rétti til töku lífeyris úr B-deildinni. Varðandi aðild að lífeyrissjóði eiga starfsmenn væntanlega val um það að greiða áfram í LSR, eftir atvikum A deildina, sem þangað greiða í dag, eða B deildina, og þá á grundvelli 30. gr. eða hefja greiðslu í einhvern starfstengdan lífeyrissjóð á almennum markaði.

Í 30. gr. 1. um LSR stendur:

*Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 29. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.*

***Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.***

Ekki er augljóst að stjórn LSR heimili aðild að sjóðnum fyrir starfsmenn Ríkisútvarpsins hf., þar sem ekki er verið að leggja niður einstaka stöðu eða starf sjóðfélaga heldur breyta stofnun í hlutafélag. Ég geri þó ráð fyrir því að sú heimild fáiist. Hjá Símanum var þessi leið valin með sérstöku samkomulagi milli Símans og ríkisins, þó þannig að Síminn greiðir í LSR af öllum launum starfsmanna sinna, en starfsmennirnir greiða einungis af dagvinnukaupi til sjóðsins. Velji menn þessa leið, þ.e. að vera áfram í LSR sjóðnum er rétt að vekja athygli á því að til þess sjóðs er einungis greitt af dagvinnukaupi starfsmanna. Greiðslurnar úr sjóðnum miðast síðan við þau dagvinnulaun sem starfsmaður hafði hjá RÚV á þeim tímapunkti er stofnunin var lögð niður, auk verðbóta. Launabreytingar, sem síðar verða hjá ohf. hafa því ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur og réttindaávinnslu hjá LSR.

Veruleg óánægja hefur komið upp hjá starfsmönnum Símans vegna þessa, m.a. þar sem þeir telja að ekki sé verið að fara eftir lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 129/1997, sem kveður á um að greiða skuli af öllum launum til lífeyrissjóðs. Einnig er óánægja með það að greiðslur úr sjóðnum miðast við laun þeirra eins og þau voru fyrir 10 árum síðan með verðbótum, án tillits til þeirra stöðuhækkana og þá launahækkana sem þeir hafa fengið síðan. Yfirvinna hefur heldur engin áhrif. Á hitt ber að líta að réttur í LSR er almennt meiri en í sjóðum á almennum vinnumarkaði, s.s. makalífeyrir og árleg ávinnsla réttinda, þannig að

Þrátt fyrir ofangreinda annmarka er án vafa hagstæðara fyrir þá sem hafa verið í B-deild LSR að fá að halda áfram aðild að þeim sjóði.

Semji menn um áframhaldandi aðild að B-deild LSR er ekki óeðlilegt að þeir semji um að greiða af viðbótinni til annars lífeyrissjóðs, séreignasjóðs.

### **Fæðingarorlof**

Rétt er að vekja athygli á mismunandi rétti opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði til fæðingarorlofs. Um fæðingarorlof fer skv. lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Þar er öllum foreldrum tryggður réttur til fæðingarorlofs. Samkvæmt lögnum á ekki að vera munur á rétti þeirra sem eru opinberir starfsmenn og þeirra sem eru í starfi á almennum vinnumarkaði. Í framkvæmd er reyndin þó önnur. Starfsmenn á almennum vinnumarkaði sem eru í fæðingarorlofi fá ekki orlofslaun greidd á þeim tíma. Þegar þeir síðan fara í orlof eftir að hafa verið í fæðingarorlofi hluta orlofsársins, fá þeir einungis orlof greitt í hlutfalli við þann tíma sem þeir voru í starfi. Þeir eiga rétt á samningsbundnu fríi, en orlofslaunin eru skert sem þessu nemur. Opinberir starfsmenn fá hins vegar óskert orlofslaun þótt þeir hafi varið hluta af orlofsárinu í fæðingarorlofi. Hér er eðlilegt að fram komi krafa frá starsfmönnum að sama regla komi til með að gilda áfram eftir að ohf. hefur yfirtekið RÚV.

### **Uppsagnarréttindi, veikindaréttindi, orlofsréttindi**



Þegar gengið verður frá nýjum ráðningarsamningum við starfsmenn hjá ohf. er mjög mikilvægt að taka fram að hver og einn starfsmaður haldi öllum áunnum réttindum sínum. Ekki einungis það, heldur að starfsaldur hjá ohf. telji allt frá upphafsdegi ráðningar hjá RÚV. Einnig þarf að taka fram að ávinnsla réttindanna haldi áfram.

- Uppsagnarréttur

Hluti af uppsagnarrétti opinberra starfsmanna er áminningarrétturinn, sbr. 21. gr. 1. 70/1996. Sá réttur er ekki almennt til staðar á almennum vinnumarkaði. Eðlilegt er að starfsmenn geri kröfu til þess að þeim verði í ráðningarsamningi tryggður áminningarréttur hjá hlutafélaginu.

- Veikindaréttur

Veikindaréttur opinberra starfsmanna er almennt mun meiri en starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Þótt aðildarskiptalögin tryggi mönnum óbreytt réttindi út kjarasamningstímabilið er rétt að starfsmenn geri þá kröfu að í ráðningarsamningi verði kveðið á um óbreyttan veikindarétt áfram.

- Orlofsréttur

Orlofsréttur opinberra starfsmanna er almennt mun meiri en á almennum markaði og miðast við lífaldur. Með sama hætti og að ofan greinir er nauðsynlegt að tryggja þann rétt áfram í ráðningarsamningi.

### Aðild að stéttarfélögum

Starfsmenn RÚV eru nú félagsmenn allnokkurra stéttarfélaga. Þau helstu eru Félag fréttamanna, Starfsmannafélag ríkisútvarpsins, Rafiðnaðarsamband Íslands, Útgarður, Efling, Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag tæknifræðinga. Nokkur þessara félaga, Félag fréttamanna, Starfsmannafélag ríkisútvarpsins og Útgarður eru alfarið félög opinberra starfsmanna og tvö þau fyrstnefndu væntanlega að stærstum hluta til einugis félög þeirra sem eru í starfi hjá RÚV. Þau starfa ekki á almennum vinnumarkaði og gera ekki kjarasamninga við aðra en fjármálaráðuneytið. Við breytingu RÚV yfir í hlutafélag er ein leiðin fyrir þessi félög að breyta lögum sínum og aðlaga þau því að þau hafi kjarasamningsumboð fyrir félagsmenn sína á grundvelli l. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Önnur leið væri sú að tvö fyrsttöldu félögin leystust upp en félagsmenn allra félaganna færu í þau stéttarfélög á almennum vinnumarkaði sem semja fyrir sambærileg störf annars staðar. Þau félög væru helst RSÍ og VR. Starfsmenn RÚV sem nú eru félagsmenn RSÍ, Eflingar, Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags tæknifræðinga þurfa væntanlega ekki að hafa áhyggjur af félagsaðild sinni í þeim félögum þar sem þau gera nú þegar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Rétt er að taka fram að lögin um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 72/2002 eiga að tryggja öllum starfsmönnum RÚV óbreytt kjör út kjarasamningstímabilið. Því tel ég að spurningunni um félagsaðild þurfi ekki að svara strax. Meiri tími sé til að leysa þetta mál.

## Ráðningarsamningar

Víða í samantekt þessari er minnst á ráðningarsamninga. Þegar RÚV verður hlutafélagavætt tel ég öll rök mæla með því að gerður verði ráðningarsamningur við hvern og einn starfsmann, þar sem nákvæmlega er kveðið á um réttindi hans til alls þess sem að framan er rakið. Ekki er skylt að gera þetta, t.d. með vísan til laganna um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, þar sem litið er svo á að öll réttindi flytjist yfir, en í ljósi þess að hér hætta menn að vera opinberir starfsmenn og verða starfsmenn á almennum vinnumarkaði, er skv. íslenskum lögum ekki hægt að gera þá eins setta áfram, og alls ekki ljóst hvernig með einstaka réttindi verði farið eftir breytinguna. Þau atriði sem sérstaklega þarf að taka fram í ráðningarsamningi eru eftirfarandi:

1. Upphafstími ráðningar, og þar með ávinnsla réttinda
2. Stéttarfélag
3. Biðlaunaréttur (skv. lögnum helst hann út árið 2009)
4. Lífeyrissjóðsréttindi
  - i. LSR A-deild
  - ii. LSR B-deild
  - iii. Annar lífeyrissjóður
  - iv. Viðbótarlífeyrir
5. Veikindaréttur
6. Orlofsréttur
7. Uppsagnaréttur
8. Áminningaréttur
9. Viðbótaréttur vegna fæðingarorlofs

Reykjavík, 23. október 2006

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

## Fylgiskjal VI.

*Ástráður Haraldsson:*

### **Einkavæðing Ríkisútvarpsins** (Morgunblaðið, 2. desember 2006.)

Fyrir þinginu liggur nú frumvarp menntamálaráðherra um einkavæðingu Ríkisútvarpsins. Ef frumvarpið verður að lögum verður þar með ákveðið að einkavæða starfsemi Ríkisútvarpsins. Í þessu varðar öngvu hver eignaraðild hins nýja félags verður heldur hitt að starfsemin verður eftir að Ríkisútvarpið ohf. tekur við henni ekki frammar opinbersréttar eðlis heldur einkaréttar eðlis. Þannig færast starfsemin af sviði opinbers rekstrar yfir á svið einkarekstrar. Í því kerfi tvískipts vinnumarkaðar sem í gildi er á Íslandi hefur þessi formbreyting úrslitaáhrif að því er varðar alla réttarstöðu starfseminnar. Þetta er höfuðmálið en ekki það hvernig eignarhaldi hins nýja hlutafélags er háttað. Í þessari einkavæðingu felst m.a. að lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gilda ekki frammar um starfsemina og marka því ekki lengur réttarstöðu starfsmannanna. Lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki frammar til starfseminnar og stjórnendur hins nýja hlutafélags verða ekki fremur en aðrir stjórnendur hlutafélaga bundir af ákvæðum stjórnarsýslulaga í sýslan sinni. Starfsemin hefur þá verið einkavædd, flutt á svið einkaréttar og réttarstaðan sú sama og gildir um aðra starfsemi á almennum markaði.

Af einhverjum ástæðum hafa flutningsmenn tillagna um einkavæðingu Ríkisútvarpsins kosið að nefna tillögur sínar ekki réttum nöfnum. Reynt er að færa einkavæðinguna í búning sem er til þess fallinn að villa um fyrir þjóðinni. Þannig er talað um hlutafélagavæðingu (einsog það sé ekki einkavæðing) og mikið úr því gert að óheimilt verði að selja fyrirtækið. Það atriði skiptir þó harla litlu máli þegar grannt er skoðað. Meginatriðið er það að verði frumvarpið að lögum mun Ríkisútvarpið færast yfir á svið einkaréttar. Starfsmenn þess munu ekki frammar njóta þeirrar ráðningarfestu sem þeir hafa notið sem opinberir starfsmenn og stofnunin mun starfa eftir sömu leikreglum og aðrir einkaaðilar.

Vandséð er hvernig Ríkisútvarpið getur til langframa varið sig gagnvart kröfum keppinauta um takmörkun eða afnám ríkisstyrkja sem því er ætlað að njóta í formi nefskatts. Við blasir að ákaflega erfitt verður að rökstyðja ríkisframlag sem ætlað er að standa undir svo stórum hluta rekstarútgjalda fyrirtækisins sem hér virðist gert ráð fyrir. Að slíku framlagi sé aðeins varið til þess hluta starfseminnar sem fellur undir almannaþjónustuhlutverk þess. Þetta munu keppinautar Ríkisútvarpsins fyrir eða síðar láta reyna á fyrir samkeppnisyfirvöldum og dómstólum. Ég óttast því að með frumvarpi menntamálaráðherra sé enn ekki fundinn réttur farvegur til framtíðar fyrir Ríkisútvarpið.

## Fylgiskjal VII.

### **Nefndarálit frá minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.**

(Þskj. 1117 í 401. máli á 132. löggjafarþingi.)

Með frumvarpi þessu er ekki skapaður til frambúðar sá starfsrammi sem Ríkisútvarpinu hæfir og þar með ekki sá starfsfriður sem Ríkisútvarpinu er nauðsynlegur. Með því að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag væri stigið varhugavert skref sem í langflestum tilvikum öðrum hefur leitt til sölu viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis. Þá gera margir lausir endar í frumvarpinu og málatilbúnaði í tengslum við það að verkum að málið er vanreifað.

#### **Meginatriði máls.**

Lagarammi sá sem reynt er að marka starfsemi Ríkisútvarpsins með frumvarpinu er ekki ljós. Alls er óvíst að Ríkisútvarp það sem á að starfa eftir frumvarpinu verði *raunverulegt almannaútvarp*. Skilgreining frumvarpsins á hlutverki RÚV og skyldum er óglögg, þrátt fyrir ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og forvera þess að kröfu ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Í stað þess að móta Ríkisútvarpinu framtíðarstefnu hefur sá kostur verið tekinn að halda að mestu áfram því róli sem fyrirtækið hefur verið á síðan rekstrarumhverfi þess gjörbreyttist við afnám einkaleyfis árið 1985. Ólíklegt er að þessi lagarammi dugi Ríkisútvarpinu til lengdar. Reglur Evrópusambandsins eru í örri þróun á þessu sviði, og keppnautar Ríkisútvarpsins innan lands hafa uppi kröfur um að það noti ekki ríkisstuðning sinn til að bæta stöðu sína í samkeppni á ljósvakavettvangi umfram það sem eðlilegt getur talist fyrir almannaútvarp. Þá er ekki sennilegt að hin nýja fjármögnunarleið, nefskattur, sem á að taka upp í stað útvarpsgjaldsins, efli samstöðu meðal almennings við Ríkisútvarpið, einkum ef dagskrárframboð þess dregur dóm af kröfum auglýsenda og kostenda á svipaðan hátt og í markaðsstöðvunum.

Meðmælendur frumvarpsins halda því fram að með breytingum á yfirstjórn sé losað um þau *flokkspólítisku tók* á Ríkisútvarpinu sem því hefur lengi verið þrándur í götu. Því miður er engin trygging fyrir því í frumvarpinu að pólitískri íhlutun linni. Að ýmsu leyti hefur menntamálaráðherra og ríkisstjórnarmeirihluti á Alþingi hverju sinni meiri möguleika en áður á að beita áhrifum sínum hvað varðar starfsemi og rekstur Ríkisútvarpsins. Frumvarpið er því ekki þess eðlis að það skapi frekari sátt að þessu leytinu. Efasamt er að frumvarpið stangist á við tilmæli Evrópuráðsins um sjálfstæði almannaútvarps frá 1994 og 1996.

Löngu var kominn tími til þess að skapa Ríkisútvarpinu nýjan lagaramma og gera því auðveldara að vera sjálfstætt og öflugt almannaútvarp. Frumvarp það sem nú liggur fyrir Alþingi er því miður ekki fullnægjandi. Það varð til sem málamiðlun milli stjórnarflokkanna tveggja, og milli andstæðra aflu innan Sjálfstæðisflokksins, og hefur síðan smám saman verið lagfært þannig að standist lágmarkskröfur Eftirlitsstofnunar EFTA um samkeppnisaðskilnað á ríkisrekinni útvarpsstöð. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu með *háeffuninni* miðast við fyrirtæki í rekstri með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi en ekki almannaþjónustu þar sem eðlilegt þykir að allar viðeigandi upplýsingar liggi fyrir og að vald einstakra stjórnenda sé temprað. Gagnsæi í starfsemi á ekki að hafa að leiðarljósi við rekstur Ríkisútvarpsins hf. heldur er þvert á móti hætt við að breytingin leiði til leyndar og pukurs.

Frumvarpið gengur í mörgu of skammt og í öðru of langt – það er hvorki samið, flutt né afgreitt í menntamálanefnd með þeim hætti að skýr sýn ráði för. Verði frumvarpið samþykkt

er ljóst að innan skamms þarf að taka lagarammann um Ríkisútvarpið til endurskoðunar á ný – eigi þau markmið að nást að skapa til frambúðar samstöðu um öflugt og sjálfstætt almannautvarp.

### Vinnubrögð stjórnarflokkanna.

Þrátt fyrir ýmsa vankanta síðari áratugi í dagskrárframboði, rekstri, mannaáðningum o.fl. lítur yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga enn svo á að Ríkisútvarpið sé einhver dýrmætasta sameign þjóðarinnar og treystir því betur til frétta og fróðleiks en öllum öðrum fjölmiðlum. Þar skiptir máli að í 76 ár hefur Ríkisútvarpið verið áhrifarík menningar- og uppeldisstofnun, hjálparhella í atvinnulífi til sjávar og sveita og miðill fyrir lýðræðisumræðu og afþreyingu. Staða Ríkisútvarpsins sem almannautvarps á Íslandi á liðinni öld var svo sterk að ekki verður víða til jafnað í Evrópu.

Í flestum nálægum ríkjum er litið svo á að þegar um slíka þjóðfélagsstofnun er að ræða beri stjórnámálamönnum að leita sem breiðastrar samstöðu um nauðsynlegar breytingar í tímans rás. Hér er einfaldast að minna á Bretland, þar sem stjórnámálaflokkarnir hafa borið gæfu til einstakrar samvinnu um þjóðarútvarpið BBC þrátt fyrir grimmileg átök um næstum alla aðra grunnþætti í bresku samfélagi á 20. öld.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki litið svo á þessi mál að nein þörf væri á samstarfi eða samráði um breytingar á Ríkisútvarpinu. Jafnvel eftir að þjóðin knúði ríkisstjórnina til samvinnu við stjórnarandstöðuflokkana um tilhögun fjölmiðlamála var ákveðið að stjórnarflokkarnir skyldu áfram véla um Ríkisútvarpið, þrátt fyrir eindregnar óskir stjórnarandstöðunnar um að þessi mál væru bæði undir í vinnunni að fjölmiðlamálum. Þessi munur á vinnubrögðum menntamálaráðherra að fjölmiðlamálum annars vegar og málefnum RÚV hins vegar er undarlegur og vekur ýmsar spurningar.

Ekki hefur ráðherranum þó tekist betur til en svo að frumvarpinu frá fyrra þingi, sem þá stöðvaðist, var breytt verulega vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA og héldu þær breytingar áfram fram á síðustu dvalarstundir frumvarpsins í menntamálanefnd. Rétt er að minna á að bréf Eftirlitsstofnunarinnar og íslensku ráðuneytanna um þetta átti upphaflega að binda trúnaði, loksins þegar þau fengust afhent í nefndinni. Við það var ekki hætt fyrir ljóst varð að slík binding væri á svig við upplýsingalög. Athyglisvert er einnig að mikilvægt bréf ESA, sem leiddi til breytingartillagna frá meiri hlutanum, var ekki kynnt í menntamálanefnd fyrir en 24. mars en er dagsett 20. janúar.

Þegar þessi ferill málsins er hafður í huga er í sjálfu sér viðeigandi að meiri hluti menntamálanefndar skuli að lokum hafa tekið málið út úr nefndinni gegn atkvæðum stjórnarandstæðinga. Við bentum þá á að enn hefði ekki verið rætt við fulltrúa tveggja lykilstofnana vegna málsins, annars vegar Ríkisendurskoðunar sem á að annast endurskoðun hlutafélagsins og hafa m.a. eftirlit með aðskilnaði samkeppnisrekstrar svokallaðs frá almennum rekstri, hins vegar Samkeppniseftirlits, en í hennar hlut kemur m.a. að taka á málum sem varða samkeppni á markaði auglýsinga og kostunar, en á hvort tveggja leggur Eftirlitsstofnun mikla áherslu í bréfi sínu til íslenskra stjórnvalda dags. 30. janúar. Þá var á það bent að ekki hefði verið farið yfir tilmæli Evrópuráðsins um almannautvarp (f.o.f. R (96) 10 um að tryggja sjálfstæði almannautvarps, samþykkt 4. ráðherrafundar Evrópuráðsins um fjölmiðlastefnu, Prag 1994). Þess var óskað að afgreiðslu málsins yrði frestað þar til fyrir lögju upplýsingar um eiginfjárstöðu hins nýja hlutafélags, sem fulltrúi úr menntamálaráðuneytinu taldi að yrði innan 2–3 vikna, en þeirri ósk var hafnað.

Af þessu má vera ljóst að rannsókn nefndarinnar í málinu er áfátt á mikilvægum sviðum. Auk þess var aldrei efnt til umræðu um einstök atriði málsins innan nefndarinnar með þeim

hætti að metnar væru tillögur um breytingar frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar og þess ekki freistað á nokkurn hátt að ná saman um frumvarpið í heild eða einstaka hluta þess.

### Niðurstaða.

Þar sem

- a. ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,
- b. eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar og Samkeppniseftirlits er óljóst og ókannað hvort þessar stofnanir búa yfir faglegri hæfni til að skera úr um viðkvæm álitamál sem varða fjárhagslegan aðskilnað milli starfsemi á sviði almannaútvarps og á sviði markaðsstöðvarar,
- c. ekki er gert ráð fyrir viðeigandi gagnsæi í starfsemi og rekstri Ríkisútvarpsins, t.d. með því að um það gildi upplýsingalög,
- d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitískum ítökum,
- e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almennasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
- f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,
- g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
- h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
- i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
- j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í óvissu og ráðgert hlutafé svo lítið að félaginu virðist ætlað að hefja starfsemi sína með neikvæða eiginfjárstöðu,
- k. ekki hefur verið gengið frá ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og ekki fyrirhugaðir samningar við aðra rétthafa um þau,
- l. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa borið við að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi

leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. apríl 2006.

Mörður Árnason,  
frsm.

Björgvin G. Sigurðsson.

Einar Már Sigurðarson.

Kolbrún Halldórsdóttir.



**Fylgiskjal VIII.****Framhaldsnefndarálit frá minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.**

(Þskj. 1251 í 401. máli á 132. löggjafarþingi.)

Frá því stjórnarflokkarnir settu sér að breyta lögnum um Ríkisútvarpið hafa vinnubrögð verið á eina lund. Frumvarpstextar hafa verið undirbúnir í leynd hjá sérstökum trúnaðarmönnum flokkanna og upplýsingum haldið frá almenningi, fjölmiðlum, starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þingmönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að efna til almennrar umræðu um Ríkisútvarpið og reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um framtíðarskipan þess hafa forustumenn stjórnarflokkanna sammælst um tillögur sem einkennast annars vegar af kreddu og hins vegar hrossakaupum, án þess að vart verði grundvallarstefnu um hlutverk Ríkisútvarpsins og stöðu þess á fjölmiðlavettvangi.

Það frumvarp um Ríkisútvarpið hf. sem lagt var fram í desember er haldið alvarlegum göllum. Þessir ágallar varða meðal annars stjórnarskrá og Evrópurétt, hlutverk Ríkisútvarpsins og skil almannaútvarps og samkeppnisrekstrar, flokkspólítísk ítök og inngríp, menningararfleifð í söfnum Ríkisútvarpsins og aðgang að safnefni þess, réttindi starfsmanna, þar á meðal stjórnarskrárvarin eignarréttindi, virðingu gagnvart höfundarrétti, framtíð Rásar tvö, fjárhagsgrunn Ríkisútvarpsins, vægi auglýsinga og kostunar í heildartekjum þess, nefskatt sem fjármögnunarleið, og nú síðast samhengi við nýtt fjölmiðlafrumvarp sem unnið var að algerlega óháð væntanlegum breytingum á Ríkisútvarpinu. Þessum alvarlegu annmörkum og ýmsum fleiri hafa stjórnarandstæðingar gert ítarleg skil og stutt sjónarmið sín fram komnum gögnum afstöðu sérfræðinga.

Þótt stjórnarmeirihlutinn hafi nú breytt upphaflegu frumvarpi fjórum sinnum (við lok þingstarfa síðasta vetur, í sumar þegar sameignarformið vék fyrir háeffun, við lok 2. umræðu með breytingartillögum meiri hluta menntamálanefndar og nú enn með breytingartillögum við 3. umræðu) er ólíklegt að friður skapist um rekstur Ríkisútvarpsins verði frumvarpið að lögum, hvorki meðal almennings, annarra útvarpsstöðva, milli stjórnmalaflokkanna eða gagnvart Evrópureglum, að ógleymdum nýframkomnum efasemdum um stöðu fyrirhugaðrar fjölmiðlalöggjafar gagnvart stjórnarskránni.

Störf menntamálanefndar að frumvarpinu eftir 2. umræðu sýndu skýrt að málið var tekið vanbúið úr nefndinni áður en sú umræða hófst. Við meðferð málsins nú hafa nokkur atriði í frumvarpinu og í tengslum við það skýrst en önnur álitamál komið í ljós. Langt er í frá að svör hafi fengist við brýnum spurningum sem meðal annars varða tengsl við stjórnarskrá og Evrópurétt. Þá hefur ekkert þokast við að bæta úr óljósri skiptingu á starfsemi fyrirtækisins í almannaútvarp og samkeppnisrekstur, stjórnarháttum sem ýta undir flokkspólítísk ítök og inngríp, uppnámi um meðferð safneignar Ríkisútvarpsins og ófullnægjandi ákvæðum um réttindamál starfsmanna.

Um hið síðastnefnda er skylt að vekja athygli á því að nefndinni bárust nýjar umsagnir frá BSRB, BHM og LSR þar sem fram koma veigamikil rök fyrir því að með frumvarpinu sé brotið gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum starfsmanna, þ.e. lífeyrisréttindum þeirra og biðlaunum, auk þess sem starfsöryggi þeirra og starfskjör séu alvarlega skert. Meiri hluti nefndarinnar ákvað að sinna þessu ekki, þrátt fyrir beinar breytingartillögur sem frá samtökunum bárust.

Meiri hluti nefndarinnar hefur nú ákveðið að leggja fram nokkrar breytingartillögur, sem allar eiga rót að rekja til gagnrýni stjórnarandstæðinga. Ein þeirra varðar upplýsingalög sem ná eiga yfir Ríkisútvarpið að tillögu minni hlutans sem hefur frá upphafi lagt áherslu á að þau giltu um starfsemi RÚV óháð rekstrarformi. Aðrir gallar hlutafélagsformsins standa hins vegar eftir.

Öðrum breytingartillögum meiri hlutans er ætlað að lappa upp á frumvarpið og mæta í einhverju mikilli gagnrýni á einstaka þætti þess. Þær leysa þó ekki vandann sem við er að fást í hverju tilviki. Tillagan um safnefni kann vissulega að koma í veg fyrir að helstu dýrmæti Ríkisútvarpsins séu seld en gefur þó í engu svör við spurningum um stöðu safnefnisins, svo sem um vörslu þess, rækt sem því beri að sýna, aðgang annarra en RÚV hf. að því, notkun þess í samkeppnisrekstri og hvort með þessum heimanmundi felist brot á samkeppnisreglum. Tillögunni um þjónustusamning við menntamálaráðherra er ætlað að lögfesta þátt í skipulagi Ríkisútvarpsins sem áður var ekki minnst á í frumvarpinu, og ekki heldur í athugasemdunum en mátti lesa út úr bréfi frá ESA til fjármálaráðuneytisins 30. janúar þ.á. Slík efnisatriði ber vissulega að leiða í lög þannig að þau séu ekki komin undir duttlungum handhafa framkvæmdarvaldsins. Hins vegar er ljóst að með tillögunni er ekki ætlunin að tempra þau miklu völd sem menntamálaráðherra hefur með þessum hætti um dagskrárefni Ríkisútvarpsins, t.d. með því að eftirlitsráði væri falið að fara yfir slíkan samning.

Ein tillagna meiri hlutans á ættir að rekja til nýs fjölmiðlafrumvarps sem menntamálaráðherra kynnti og lét útbýta á Alþingi meðan á störfum menntamálanefndar stóð eftir 2. umræðu. Í því frumvarpi eru sérstök ákvæði sem eiga að takmarka eignarhald á fjölmiðlum. Síðan segir að þau ákvæði eigi ekki við um Ríkisútvarpið, og að Ríkisútvarpið skuli ekki eiga hlut í félögum sem reka útvarp og gefa út dagblað. Er skynugt hjá meiri hlutanum að taka mark á ábendingum um að slík ákvæði eigi betur heima í lögum um Ríkisútvarpið en í almennum lögum. Á hinn bóginn komu fram alvarlegar athugasemdir frá lögfræðingum, m.a. Sigurði Línadal, um þennan kafla fjölmiðlafrumvarpsins. Talin var hætta á að hann bryti í bága við stjórnarskrá, og í bréfi frá Dagsbrún hf. er efast um að ákvæðin standist samkeppnisreglur EES-samningsins. Minni hluti menntamálanefndar óskaði því eftir að sérstaklega væri farið yfir þessi álitamál. Voru kallaðir til tveir lögfræðingar til umræðu um RÚV-ákvæðin og stjórnarskrána, Sigurður Línadal og Páll Hreinsson, annar aðalhöfunda fjölmiðlafrumvarpsins. Sigurður hvatti til þess að vandað yrði til verka, frumvörpin yrðu samlesin og samhæfð, og benti meðal annars á að í greininni í fjölmiðlafrumvarpinu væru ekki taldar allar fjölmiðlunarleiðir. Hjá Páli kom fram að forsenda fyrir þessum ákvæðum um RÚV í fjölmiðlafrumvarpinu væri að Ríkisútvarpið teldist almannaútvarp. Höfundarnir hefðu við vinnu sína að fjölmiðlafrumvarpinu ekki haft neina hliðsjón af frumvarpstextum um Ríkisútvarpið enda beinlínis verið sagt að Ríkisútvarpið væri utan verksviðs þeirra. Er því ljóst að ekki var af hálfu menntamálaráðherra hugsað fyrir samræmi milli fjölmiðlafrumvarpsins og RÚV-frumvarpsins, og hefur því skapast óvissa um stöðu frumvarpanna hvors gagnvart öðru annars vegar og hins vegar beggja saman gagnvart stjórnarskrá og Evrópurétti. Óskum minni hlutans um frekari könnun á stöðu frumvarpanna gagnvart Evrópurétti og stjórnarskrá var hafnað. Þá var ekki nú fremur en við fyrri umfjöllun menntamálanefndar sinnt óskum minni hlutans um að bera RÚV-frumvarpið saman við samþykktir og tilmæli Evrópuráðsins um almannaútvarp frá 1994 og 1996.

Af þessu tilefni er rétt að minna á bókun sem fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins í fjölmiðlanefndinni síðari lögðu fram þegar hún skilaði af sér 7. apríl í fyrra. „Við erum þeirrar skoðunar,“ sögðu fulltrúarnir m.a., „að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði

til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við laga-setningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf.“ Það var enn fremur mat þeirra að slík sátt næðist aðeins með því að „ tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir á milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar“. Fulltrúar flokkanna þriggja lýstu því að lokum að þeir skrifuðu undir hina sameiginlegu skýrslu fjölmiðlanefndarinnar í því trausti „að ásættanleg niðurstaða [næðist] um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins“.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar í menntamálanefnd hafa unnið að frumvörpunum um Ríkisútvarpið með sömu markmið að leiðarljósi og fulltrúar flokkanna í fjölmiðlanefndinni lýsa í bókun sinni. Eftir að samkomulag tókst um að ljúka 2. umræðu um frumvarpið sendu fulltrúar stjórnarandstöðunnar formanni menntamálanefndar því bréf, dags. 24. apríl 2006, þar sem lagðar voru fram tillögur um framhaldsvinnu við málið. Í bréfinu var að höfðu samráði við forustumenn flokkanna tveggja sett fram boð um verklag „sem leitt gæti til samstöðu milli stjórnmalaflokkanna og sátta í samfélaginu um framtíð Ríkisútvarpsins“ og var þar gert ráð fyrir því að frumvarpið yrði ekki afgreitt á þessu þingi en strax að því loknu sett niður nefnd með fulltrúum allra flokka með það að markmiði að ljúka lagasetningu fyrir áramót. Lagt var til að þessi nefnd kannaði sérstaklega þann möguleika að Ríkisútvarpið yrði gert að sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Í frumvarpsdrögum nefndarinnar yrði þess gætt að halda sem allra flestum kostum hlutafélagsformsins fyrir Ríkisútvarpið sem almannaútvarp en sniðnir af helstu ókostir þess. Þá voru í bréfinu settar fram í átta liðum efnislegar ábendingar um úrbætur að öðru leyti frá frumvarpinu um Ríkisútvarpið hf., og í öðrum átta liðum tiltekin þau álitæfni sem brýnt væri að menntamálanefnd skoðaði strax þar sem málið hefði verið afgreitt vanbúið úr nefndinni til annarrar umræðu. – Rétt er að taka fram að enginn sam- burður hefur verið gerður á rekstri Ríkisútvarpsins með breytingum innan núverandi laga- ramma og hlutafélagsforminu. Horft hefur verið fram hjá því að RÚV er nú B-hlutastofnun sem getur haft bæði fullt sjálfstæði og mikinn sveigjanleika. Óbreytt rekstrarform kemur í veg fyrir þau stjórnarskrárbrót sem kunna að felast í frumvarpinu og yrði síður bitbein í sam- keppnisdeilum.

Á fyrsta fundi menntamálanefndar eftir 2. umræðu hafnaði formaður menntamálanefndar þessu boði fyrir hönd stjórnarflokkanna. Minni hlutinn harmar þau viðbrögð. Frumvarpið um Ríkisútvarpið hefur mætt verulegri andstöðu utan þings og innan og í umfjöllun um það hefur verið bent á fjölmarga galla, stóra og smá. Einmitt í sumar hefði gefist gott tækifæri til að fara yfir málið að nýju þar sem fram er komið hið nýja almenna frumvarp um fjölmiðla sem undirbúið var með allt öðrum hætti en frumvörpin um Ríkisútvarpið, sf. í fyrra og hf. nú, og hefði verið ákjósanlegt að sumarnefndin færi yfir bæði málin, í samræmi við bókunina frá 7. apríl 2005.

Stjórnarandstæðingar í menntamálanefnd lögðu til við 2. umræðu að frumvarpinu yrði vísað frá. Sú tillaga var afturkölluð áður en til atkvæðagreiðslu kom í þeirri von að samstaða næðist um önnur vinnubrögð við framtíðarstefnu um Ríkisútvarpið en þangað til höfðu tíðkast. Það gekk ekki eftir. Því er nú flutt eftirfarandi tillaga:

Þar sem

- fram hafa komið veigamiklar athugasemdir um að frumvarpið um Ríkisútvarpið og fjöl- miðlafrumvarpið kunni að brjóta í bága við stjórnarskrá,
- vafi leikur á um hvort ákvæði frumvarpsins standast reglur Evrópuréttar,
- ekki er ljóst í frumvarpinu með hvaða hætti Ríkisútvarpið á að sinna hlutverki sínu sem almannaútvarp og hver eiga að vera skil milli starfssviðs þess og annarra útvarpsstöðva,

- d. tillögur frumvarpsins um kjör stjórnar og ráðningu útvarpsstjóra eru ekki til þess fallnar að hefja fagleg sjónarmið til vegs og virðingar og losa Ríkisútvarpið undan flokkspólítískum ítökum,
- e. ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir eftirlitsráði, t.d. í formi „akademíu“ með tilnefningum frá almennasamtökum, sbr. m.a. leiðbeiningar Evrópuráðsins um verkaskiptingu stjórnar annars vegar og eftirlitsráðs hins vegar,
- f. engin ákvæði frumvarpsins tryggja að innlent efni aukist í dagskrá Ríkisútvarpsins,
- g. ákvæði í frumvarpinu um „a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá“ virðist ætlað að auðvelda afnám Rásar tvö,
- h. ekki hefur í frumvarpinu eða í tengslum við það verið gengið með fullnægjandi hætti frá réttindamálum núverandi starfsmanna og óljóst er um starfskjör og samningamál í framtíðinni,
- i. nefskattur sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er ekki heppileg leið til fjármögnunar, byggist á árlegri ákvörðun þingmeirihluta og felur í sér mismunun milli gjaldenda,
- j. fjárhagsleg staða hlutafélagsins sem frumvarpið gerir ráð fyrir er enn í óvissu og ráðgert hlutafé of lítið til að tryggja bærilegt upphaf Ríkisútvarpsins við nýjar aðstæður,
- k. enn er óljóst um ráðstöfun þeirra verðmæta sem Ríkisútvarpið býr nú yfir í söfnum sínum og óljóst hvort og þá hvernig þau skuli nýta í samkeppnisrekstri,
- l. við blasir að frumvarpið ylli, ef það verður að lögum, málaferlum bæði héraðs og á EES-vettvangi,
- m. og hvorki menntamálaráðherra né meiri hluti menntamálanefndar hafa reynt að ná samstöðu um framtíð Ríkisútvarpsins, sem er einhver helsta lýðræðis- og menningarstofnun í íslensku samfélagi  
leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með vísan til framangreinds samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 2006.

Mörður Árnason,  
frsm.

Atli Gíslason.

Björgvin G. Sigurðsson.

Einar Már Sigurðarson.